


skoðun 14

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk




Europris
Nýr tilboðsbæklingur í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
13. júní 2012
137. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012



## Betri frá ári til árs

*Tónlistarhátíðin Við Djúpið á Ísafirði í tíunda sinn.*

**menning** 24

## Vinsæll Kiss-klúbbur

*Hátt í tvö hundruð manns eru í nýstofnuðum aðdáendaklúbbi Kiss.*

**popp** 34



## Verður Íslendingur

*Ramune Pekarskyte gæti reynst landsliðinu mikill styrkur á komandi árum.*

**sport** 30

## veðrið í dag




**BJART MEÐ KÖFLUM** en bjartara inn til landsins. Lítilsháttar skúrir einkum síðdegis sunnanlands. Hægur vindur eða hafgola. Hiti á bilinu 4 til 16 stig.

**VEÐUR** 4

# Kínverjar stöðva ljóðaþing

**Ljóðaþingi Kínversk-íslenska menningarsjóðsins var aflýst því kínverskir þátttakendur fengu ekki leyfi til Noregsfarar. Stjórnarformaður sjóðsins er ákveðinn í að halda ljóðaþing í Noregi þótt síðar verði.**

**MENNING** Ljóðaþingi Kínversk-íslenska menningarsjóðsins, sem halda átti í bænum Kirkenes í Norður-Noregi í sumar, hefur verið aflýst í ár þar sem kínversk ljóðskáld sem boðin voru til þingsins fengu ekki leyfi til að ferðast til Noregs.

Hjörleifur Sveinbjörnsson, stjórnarformaður sjóðsins, segir málið tengjast gremju kínverskra stjórnvalda með að andófsmaðurinn Liu Xiaobo hafi verið sæmdur friðarverðlaunum Nóbels árið 2010. Nefndin sem velur verðlaunahafa er skipuð af norska þinginu og hafa samskipti milli ríkjanna verið í uppnámi síðan.

„Við undirbúning þriðja ljóðaþings sjóðsins datt okkur Kirkenes í hug sem skemmtileg staðsetning,“ segir Hjörleifur í samtali við Fréttablaðið, en skipulagning var komin vel á veg. Meðal annars átti yfirskrift þingsins að vera „ljóð án landamæra“.

„Fyrir skemmstu fengum við hins vegar skilaboð frá bakhjarli okkar, fyrirtækinu Zhongkun [sem er í eigu Huangs Nubo] um að ekki væri hægt að halda ljóðaþingið í Kirkenes þar sem kínversk yfirvöld hefðu nýlega ítrekað að ekkert hefði breyst í samskiptum Kína við Noreg.“

Hjörleifur segir þetta hafa komið skipuleggjendum í opna skjöldu.

„Það hvarflaði ekki að okkur að þessi deila milli Kína og Noregs myndi setja strik í reikninginn, enda kemur hún okkur ekkert við, en veruleikinn er svona. Við erum auðvitað hundsvekkt, sérstaklega vegna listafólksins sem við höfðum þegar boðið.“

Hvað varðar listamennina sjálfa segir Hjörleifur að ekki sé ljóst hvort þeim hafi beinlínis verið bannað að fara til Noregs eða ekki.

„Okkur skilst að ekki hafi verið tekið vel í beiðni skáldanna og ljóst er að samskipti ríkjanna eru með þeim hætti um þessar mundir að staðan fer ekkert á milli mála.“

Hjörleifur segir málið vandræðalegt en stjórn sjóðsins hafi þó tekið þann pól í hæðina að færa þingið ekki til annars lands í ár.

„Okkur fannst að það myndi gefa röng skilaboð. Við stöldrum nú við og skoðum framhaldið, en erum þó ákveðin í að halda ljóðaþing í Kirkenes þegar fram í sækir. Okkur finnst við skuldbundin hinu ágæta fólki í Kirkenes og viljum fyrir alla muni koma aftur síðar.“

Sjóðurinn er stofnaður til tíu ára og segir Hjörleifur að stjórnin vonist til að halda sínu striki í eflingu menningarsamskipta milli Kína og Íslands. **- þj**

### Samskipti Kína og Noregs eru við alkul

Lýsandi dæmi um kuldann í samskiptum milli Kína og Noregs er að nýlega var Kjell Magne Bondevik, fyrrverandi forsætisráðherra, synjað um vegabréfsáritun til Kína. Samkvæmt frétt Aftenposten hefur fjölmörgum Norðmönnum verið synjað um vegabréfsáritun síðustu mánuði. Jonas Gahr Störe, utanríkisráðherra Noregs, sagði nýlega í útvarpsviðtali að Kína fengi ekki áheyrnaraðild að Norðurheimskautsráðinu við núverandi aðstæður eins og vonir þeirra standa til. Samskipti milli ríkja séu lykilatriði í ráðinu og sniðganga Kína á Noregi sé „ekki okkar val, heldur þeirra“.



**UPPSKERUTÍMI** Í garðyrkjustöðinni í Silfurtúni á Flúðum er uppskerutíminn á jarðarberjum að ná hámarki, en Silfurtún er stærsta jarðarberjabú landsins. Guðmundur Karl Eiríksson, sonur eigendanna, sést hér tína sæt og safarík ber af stilkum en þau eru send samdægurs í verslanir um land allt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Helgi Björnsson í hljóðveri:

## Fjórða hestaplatan tekin upp

**TÓNLIST** Upptökur eru hafnar á fjórðu hestamannaplötu Helga Björnssonar og Reiðmanna vindanna. Hinar þrjár hafa notið gífurlegra vinsælda og samanlagt selst í um 32 þúsund eintökum.



HELGI BJÖRNSSON

„Ég fékk hvatningu úr mörgum áttum um að smella einni Reiðmannaplötu í viðbót og ég varð við þeim óskum,“ segir Helgi. Meðal laga á plötunni verða Íslenskur kindreki, sem er ný útgáfa af lagi Spilverks þjóðanna, Icelandic Cowboy. „Það er búið að vera ótrúlegt gengi á þessum plötum, fólk virðist ekkert fá nóg,“ segir Helgi. **- fb / sjá síðu 34**

Enn hefur ekki verið samið um þinglok þrátt fyrir stíf fundahöld í gær:

# Kosið um Vaðlaheiðargöng í dag

**ALÞINGI** Greidd verða atkvæði í dag um hvort fjármálaráðherra fái heimild til að ábyrgjast 8,7 milljarða króna lán vegna Vaðlaheiðarganga. Umræðum um málið lauk í gær, en andstaða við það er í öllum flokkum.

Þrátt fyrir stíf fundahöld í gær hefur enn ekki náðst samkomulag um þinglok. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur meðal annars verið rætt um að fresta afgreiðslu frumvarps um stjórnun fiskveiða, gegn því að frumvarp um veiðigjöld verði afgreitt.

Stjórnarandstaðan hefur kallað eftir því að veiðigjöldin verði lækkuð en stjórnarliðar eru ófúsir til þess. Milljarðarnir fimmtán, sem gert er ráð fyrir að gjöldin skili, hafa verið eyrnamerktir ýmsum framkvæmdum.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Fjölmörg frumvörp hafa orðið að lögum síðustu tvo daga. Þar má nefna frumvarp um barnalög, en samkvæmt því fá dómarar heimild til að dæma sameiginlega forsjá, en það ákvæði var í óþökk Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra.

Vaðlaheiðargöngin eru eitt þeirra mála sem stjórnin lagði áherslu á að klára. Það þykir gefa von um samkomulag að málið kemur til atkvæða í dag. Heimildarmenn Fréttablaðsins voru enda bjartsýnir á að samkomulag um þinglok næðist í dag. **- kóp / sjá síðu 8**

NETTILBOÐ
VIKUNNAR!
BUBBI - ÞORPIÐ
Nýi diskurinn með Bubba áritaður og sendur beint heim að dyrum!




2.999kr
verð áður 3.299kr | sendingarkostnaður 600kr
Gildir til 17. júní 2012.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Tilvalin útskriftargjöf




Fæst í bókabúðum
www.sogufelag.is

## SPURNING DAGSINS



*Bjartur Týr, fóruð þið í sauðburð?*

„Nei, láttu nú ekki eins og sauður!“

Bjartur Týr Ólafsson og Ármann Ægisson björguðu lambi úr sjálfheldu í Kaplagjótu í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum.

Dúxar og semídúxar stærstu framhaldsskóla landsins sækja um háskólanám:

# Metaðsókn er í Háskóla Íslands

**MENNTAMÁL** Umsóknum um nám í Háskóla Íslands fjölgar um 300 milli ára. Háskólanum bárust um 9.500 umsóknir um bæði grunn- og framhaldsnám sem er metaðsókn. Ef horft er til ársins 2009 hefur umsóknum fjölgað um heil fjörutíu prósent. Umsóknir um framhaldsnám hafa aldrei verið fleiri frá upphafi.

Umsóknum fjölgaði í öllum deildum Háskólans nema á hugvísindasviði. Sú deild óx um 40 prósent í fyrra en þar fækkar umsóknum um rúm átta prósent í ár.

Í tilkynningu frá háskólanum segir að í umsóknarhóp um grunnnám séu afar lofandi og hæfileikaríkir nemendur. Meðal þeirra séu flestir dúxar og semídúxar stærstu framhaldsskóla landsins.

Háskóli Íslands hefur vaxið gríðarlega síðustu ár með sameiningu við Kennaraháskóla Íslands árið 2008 og um 20 prósent við inntöku nýnema árið 2009. Nemendum fjölgaði enn árin 2010 og 2011. Áfram fjölgar nemendum skólans miðað við umsóknirnar í ár. - bþh



**ANNAÐ METÁR** Umsóknamet var sett í fyrra en það hefur verið slegið með öllum 9.500 umsóknunum sem bárust skólanum í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Alþingi samþykkir frumvarp:

## Réttur transfólks tryggður

**ALÞINGI** Lög sem eiga að tryggja einstaklingum með kynáttunarvanda, transfólki, jafna stöðu fyrir lögum á við aðra voru samþykkt á Alþingi á mánudag.

Með kynáttunarvanda er átt við það að upplifa frá unga aldri að hafa fæðst í röngu kyni og óska eftir að tilheyra því rétta. Samkvæmt lögunum verður stofnað teymi sérfræðinga á Landspítalanum sem sér um greiningu og að finna viðeigandi meðferð, til dæmis kynleiðréttingu. - kóp

Barngerving gerð refsiverð:

## Fyrning hefst við 18 ára aldur

**ALÞINGI** Alþingi hefur samþykkt breytingar á almennum hegningarlögum til að efla varnir gegn kynferðislegri misnotkun barna. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra lagði fram frumvarp þess efnis.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Fyrningarfrestur brota sem lúta að vændi og þátttöku barna í nektarsýningum og mansalsbrot gegn börnum hefst ekki fyrr en við 18 ára aldur, eftir lagabreytinguna. Þá er barngerving, þegar einstaklingar yfir 18 ára aldri eru sýndir á kynferðislegan eða klámfenginn hátt í hlutverki barns, gerð ólögleg. Þá er refsivert að mæla sér mót við barn um netið, eða á annan hátt, í kynferðislegum tilgangi. - kóp

# Banaslysum barna hefur snarfækkað

**Ísland fær næstbestu einkunn í rannsókn á slysavörnum barna í Evrópu. Finnland skorar hæst. Umferðarslys er helsta ástæða dauðsfalla vegna slysa ungmenna á Íslandi. Banaslysum barna hefur fækkað um 65 prósent síðan 1991.**

**ÖRYGGISMÁL** Ísland fær góða einkunn í nýrri rannsókn um slysavarnir barna sem kynnt var samtímis í 31 landi vítt og breitt um Evrópu í gær. Ísland fær hálfu stigi minna en Finnland og er í öðru sæti þátttökulandanna.

Einkunnagjöfin byggist á frammistöðu stjórnvalda í slysavörnum barna, fé til reksturs verkefnis og hvort virkur stýrihópur sé til staðar.

Herdís Storgaard leiddi verkefnið á Íslandi sem nefnist Árvekni og miðar að því að bæta öryggi í umhverfi barna. Verkefnið hefur verið starfrækt síðan árið 1991. Síðan þá hefur banaslysum á börnum fækkað um 65 prósent og öðrum slysum um helming.

Lagaumhverfi á Íslandi er varðar slysavarnir barna hefur batnað mjög síðan verkefnið var sett á laggirnar. Þó fær umgjörð um slysavarnir barna lægri einkunn en í fyrri niðurstöðum. Þar er því um að kenna að fjárveitingar til málaflokksins hafa dregist saman í kjölfar efnahagshrunsins.

Íslensku gögnin í rannsókninni eru frá 2009. Það ár voru 16 prósent allra dauðsfalla barna og ungmenna af völdum slysa.

Bent er á í niðurstöðum rannsóknarinnar að þegar litið er á ástæður banaslysa vegna umferðarslys þyngst, sérstaklega í aldurshópnum 15 til 19 ára. Einnig kemur fram að sjálfsvíg vega þyngst í sama aldurshópi þegar litið er á dauðsföll vegna ásetnings.

Öryggisumhverfi barna á Íslandi mælist betra hér á landi en meðaltal allra landanna sem





**NIÐURSTÖÐURNAR KYNNTAR** Öll börn á Íslandi eiga möguleika á ráðlögðum öryggisbúnaði, svo sem barnabílstól. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

könnuð voru. Gögnin benda því til þess að ráðlagður öryggisbúnaður, eins og barnabílstólar, hjólreiðahjálmar og reykskynjarar, sé aðgengilegur öllum fæddum börnum hér á viðráðanlegu verði. Þó eru björgunarvesti undanskilin en íslensk börn eiga minni möguleika á að komast yfir slíkt en jafnaldrar þeirra í Evrópu.

Herdís sagði að til að bæta stöðu Íslands enn frekar þyrfti að skapa betri umræðu í samfélaginu um slysavarnir. Þá lagði hún áherslu á að henni þætti mikilvægt að allar slysavarnir á vegum stjórnvalda væru undir sama þaki og þær yrðu samþættar að einhverju marki.

Verkefnið miðlar forvörnum sínum til foreldra ungbarna. Til þess hefur verið komið upp kennslurými í Slysahúsi þar sem foreldrum gefst tækifæri til að kynna sér helstu forvarnaúrræði á heimilum.

Kynjahlutföll foreldra sem sækja kynningar í Slysahúsi hafa orðið jafnari á þeim tuttugu árum sem þjónustan hefur verið starfrækt. Árið 1991 voru feður aðeins tvö prósent þeirra sem sóttu námskeiðin. Í dag er hlutfallið jafnt milli mæðra og feðra.

birgirh@frettabladid.is



**FRIÐUR OG RÓ** Mannlífið á Íslandi er jafnan friðsælt. Ísland mælist einmitt friðsælasta land í heimi.

Úttekt Global Peace Index:

## Hvergi friðsælla en hér á Íslandi

**ÍSLAND Ísland er friðsælasta land í heimi samkvæmt úttekt Global Peace Index sem birt var í gær.**

**Þetta er annað árið í röð sem Ísland trónir á toppi þessa lista og í þriðja skiptið á fimm árum.**

**Úttektin tekur til ýmissa þátta sem bornir eru saman í 158 ríkjum, meðal annars tíðni morða og ofbeldisglæpa sem og fjölda í fangelsum og vopnaeign.**

**Danmörk og Nýja-Sjáland eru jöfn í öðru sæti, nokkru á eftir Íslandi, Kanada er í fjórða sæti og Japan í því fimmta.**

**Sómalía er neðst á listanum eins og síðasta ár.** - þj

Grunnskólar í Hafnarfirði:

## Breyttar reglur um trúfélög

**HAFNARFJÖRÐUR Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa tekið upp nýjar reglur um samskipti leik- og grunnskóla í bænum við trúfélög.**

**Nýjar viðmiðunarreglur voru samþykktar á mánudag og þar segir meðal annars að trúar- og lífsskoðunarfélög skuli ekki stunda starfsemi sína innan veggja skólanna á skólatíma. Reglunum svipar mjög til þeirra sem mannréttindaráð Reykjavíkurborgar samþykkti fyrr í ár varðandi sama mál. Félögin mega þó koma á skólatíma og fræða börnin um starfsemi sína, sé þeim boðið af kennurum eða skólayfirvöldum.** - sv

Forsetaframbjóðendur funda:

## Ræður þýddar á níu tungumál

**FORSETAKJÖR** Alþjóðasetur hefur boðað forsetaframbjóðendurna sex til ráðstefnu í dag með það að markmiði að efla þátttöku innflytjenda í stjórnmálum á Íslandi.

Frambjóðendurnir flytja tíu mínútna erindi hver á íslensku, en níu túlkar taka að sér að þýða erindin yfir á arabísku, ensku, litháísku, portúgölsku, pólsku, rússnesku, tagalog, taílensku og víetnömsku.

Að því loknu verða spurningar úr sal þýddar á íslensku. Ráðstefnan verður í Félagsmiðstöðinni á Aflagranda 40 milli klukkan 17 til 19 í dag. - sv





Stjórnarandstæðingar í Rússlandi létu aðgerðir lögreglu ekki á sig fá:

# Tugþúsundir mótmæltu Pútín

**RÚSSLAND, AP** Tugir þúsunda mótmælenda komu saman í Moskvu í gær til að mótmæla Vladimír Pútín Rússlandsforseta. Daginn áður hafði lögreglan gert húsleit hjá tíu leiðtogum stjórnarandstöðunnar og þeim var gert að mæta til yfirheyrslu á sama tíma og mótmælin í gær voru áformuð.

Mótmælin í gær voru þau fyrstu gegn Pútín síðan hann var vígður í forsetaembættið í maí. Mótmælagöngur voru haldnar í vetur og voru þær umbornar af stjórnvöldum. Nú hefur Pútín hins vegar tekið mun harðari afstöðu gegn slíkum mótmælum og skrifaði til að mynda undir lög í síðustu viku sem leggja mjög háar sektir á þá sem mótmæla án leyfis. Sektirnar eru nú 150 sinnum hærri en áður og jafnast nánast á við meðalárslaun í Rússlandi.

Stjórnarandstæðingar segja að um 120 þúsund manns hafi komið saman í Moskvu í gær en lögregla sagði það hafa verið 20 þúsund manns. Leiðtogar og framámenn í stjórnarandstöðunni mættu til yfirheyrslu hjá lögreglunni klukkustund áður en mótmælin hófust en nokkrir hunsuðu yfirheyrslurnar þar til mótmælunum var lokið. - þeb



**MÓTMÆLT Í MOSKVU** Tugþúsundir söfnuðust saman í miðborg Moskvu í gær til að mótmæla. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# LAND CRUISER.
Þarf að segja meira?

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY




Land Cruiser. Nafn sem segir meira en þúsund orð. Íslendingar þekkja Land Cruiser betur en flestar aðrar þjóðir. Við íslenskar aðstæður hefur Land Cruiser öðlast sess sem ímynd áreiðanleika og gæða. Með Land Cruiser heldur sagan áfram um stræti og torg, um vegi og vegleysur. Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi
Verð frá: 10.140.000 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kópavogi**
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## GENGIÐ 13.06.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 129,1 | 129,72 |
| Sterlingspund | 200,52 | 201,5 |
| Evra | 161,51 | 162,41 |
| Dönsk króna | 21,726 | 21,854 |
| Norsk króna | 21,403 | 21,529 |
| Sænsk króna | 18,238 | 18,344 |
| Japanskt jen | 1,6228 | 1,6322 |
| SDR | 195,34 | 196,5 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
223,8744

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Reykvíkingar endurheimta fuglalíf í Vatnsmýrina eftir tímabil þar sem því hrakaði:

# Aldrei meira fuglalíf í Vatnsmýri

**DÝRALÍF** Gróðurhús sem stendur fyrir utan Norræna húsið var formlega opnað á dögunum. Úr húsinu er gott útsýni yfir Vatnsmýrina en þaðan gefst fólki kostur á að skoða fuglalífið í mýrinni.

Gróðurhúsið verður opið í allt sumar, en þar er aðbúnaður fyrir fólk með nesti og sjónaukar fyrir þá sem vilja skoða fuglana. Einnig er vefmyndavél í mýrinni þannig að fólk geti fylgst með fuglunum heiman frá sér.

Í sumar stendur Norræna húsið svo fyrir fuglaskoðunarferðum um svæðið á laugardögum og tónleikaröð við gróðurhúsið sem hefst 21. júní.


**FUGLALÍF** Í gróðurhúsi Norræna hússins má skoða fugla með kíki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir í Vatnsmýrinni frá því í vor, en þá hófst vinna við að endurheimta votlendi á svæðinu. Háskóli Íslands, Norræna húsið og Reykjavíkurborg stóðu að þeirri framkvæmd.

Fyrir framkvæmdir var ástandið í mýrinni talið slæmt, enda hafði fuglalífi hrakað mikið á síðustu áratugum vegna ágengra plantna og mengunar frá flugvellinum. Strax í ár, nokkrum mánuðum eftir fyrstu framkvæmdirnar, hefur fuglalífið tekið við sér og tegundir eins og tjaldur og kría eru byrjaðar að láta sjá sig. **- ktg**

Sagður hafa ekið á tvo bíla:

# Viðskiptaráðherra í vanda

**BANDARÍKIN, AP** John Bryson, viðskiptaráðherra Bandaríkjanna, er grunaður um að hafa ekið á tvo bíla í Los Angeles um helgina og stungið af frá árekstrunum. Lögregla fann hann meðvitundarlausan undir stýri.

Bryson var einn í Lexus-jeppa þegar hann ók aftan á bíl. Hann ræddi við fólkið í bílnum, en ók svo aftur á bílinn þegar hann fór. Skömmu síðar ók hann á annan.

Viðskiptaráðuneytið segir Bryson hafa fengið flog, hann hafi ekki verið undir áhrifum. **- þeb**

Hjónabönd samkynhneigðra:

# Enska kirkjan mótmælir

**ENGLAND, AP** Enska biskupakirkjan mótmælti í gær formlega áætlunum stjórnvalda um að heimila hjónabönd samkynhneigðra.

**Ekki mun þó standa til að neyða menn biskupakirkjunnar til að gefa saman samkynhneigð pör, heldur gengur tillagan út á borgaraleg hjónabönd fyrir samkynhneigð og gagnkynhneigð pör.**

**Enska biskupakirkjan segir samkynhneigð pör njóta nú þegar margra þeirra réttinda sem fáist með hjónabandi í gegnum staðfesta samvist. Þá óttast hún að nái tillagan fram að ganga muni prestar þurfa að gefa samkynhneigða saman þegar fram líða stundir.** **- þeb**

Fundur um forsetaembættið:

# Aðeins tveir boða komu sína

**KOSNINGAR** Rætt verður um forsetaembættið á fræðilegum nótum á málfundi á vegum Málfundafélags stjórnmálafræðinema á fimmtudag.

Öllum forsetaframbjóðendunum var boðið að koma en aðeins Andrea Ólafsdóttir og Hannes Bjarnason hafa boðað komu sína. Aðrir frambjóðendur segjast ekki koma eða hafa ekki svarað.

Fyrirlesarar verða Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur og Sigurður Líndal lagaprófessor.

Forsetaframbjóðendur munu í kjölfarið sitja pallborðsumræður og áhorfendum verður leyft að koma með spurningar úr sal.

Fundurinn verður í stofu HT-105 í Háskóla Íslands klukkan 16.00. **- bþh**

# Ábyrgð ríkis á SpKef jókst um 20 milljarða frá hruni

**Sveitarfélög, lífeyrissjóðir og aðrir hagsmunaaðilar lögðu milljarða inn í Sparisjóð Keflavíkur eftir að ríkið gekk í ábyrgð fyrir öllum innstæðum. Alls jukust innlán sjóðsins um hátt í 20 milljarða frá bankahruni.**

**EFNAHAGSMÁL** Innlán Sparisjóðsins í Keflavík uxu um hátt á annan tug milljarða króna eftir að ríkisstjórn Íslands tilkynnti að hún gengi í ábyrgð fyrir öllum innlendum innstæðum í október 2008. Á meðal þeirra sem tóku þátt í að leggja fé inn í sjóðinn voru sveitarfélög, lífeyrissjóðir og aðrir hagsmunaaðilar á Suðurnesjum. Íslenska ríkið þarf að greiða Landsbankanum 19,2 milljarða króna vegna ábyrgðar sinnar á SpKef. Til viðbótar er áætlaður vaxtakostnaður vegna þessa um sex milljarðar króna auk þess sem ríkið hafði þegar lagt SpKef til 900 milljónir króna í nýtt eigið fé þegar sjóðurinn var stofnsettur.

Samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið býr yfir óx innlánasöfnun Sparisjóðsins í Keflavík gríðarlega eftir bankahrun. Innlán í sjóðnum námu 44,9 milljörðum króna um mitt ár 2008. Í árslok 2008 voru þau orðin 54,7 milljarðar króna. Þau höfðu því aukist um 9,8 milljarða króna á mjög skömmum tíma.

> **9,8** milljarða króna aukning varð á innlánum Sparisjóðsins í Keflavík frá miðju ári 2008 og til ársloka. Innlán fóru úr 44,9 milljörðum í 54,7 milljarða króna.

Þáverandi ríkisstjórn Íslands gaf út yfirlýsingu 6. október, sama dag og neyðarlög voru sett í landinu, um að allar innstæður í viðskiptabönkum og sparisjóðum væru að fullu tryggðar á ábyrgð ríkisins. Eftir bankahrunið lögðust sveitarfélög, lífeyrissjóðir og aðrir hagsmunaaðilar á svæðinu á eitt við að reyna bjarga sjóðnum með því að auka innlán hans. Meðal annars gaf Reykjanesbær út skuldabréf upp á 2,5 milljarða króna þann 16. október 2008 og lagði söluvandvirði þess inn á innlánsreikning í sjóðnum. Nokkrum dögum síðar lagði Grindavíkurbær tvo milljarða króna, sem var hluti af söluandvirði hans fyrir eignarhlut í Hitaveitu Suðurnesja, inn í sparisjóðinn.

Í frétt sem birtist á vef Víkurfrétta 22. október 2008 var haft eftir Geirmundi Kristinssyni, þáverandi sparisjóðsstjóra, að margir fleiri aðilar hefðu lagt sitt á vogarskálarnar á þessum tíma til að styrkja rekstur sjóðsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins átti þorri þeirrar 9,8 milljarða króna innlánaaukningar sem varð hjá Sparisjóðnum í Keflavík sér stað eftir ábyrgðaryfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Innlán SpKef stóðu í 57,6 milljörðum króna þegar sjóðnum var rennt inn í Landsbankann í mars í fyrra. Þegar tekið er tillit til þeirra sex milljarða króna í innlánum sem runnu út úr sjóðnum á starfstíma hans, og greint er frá í hliðarefni, er ljóst að heildarumfang þeirra innlána sem hann hafði safnað að sér var um 64 milljarðar króna. Það er um 19 milljörðum krónum meira en staða innlána hjá sjóðnum var fyrir bankahrun og áður en íslenska ríkið tryggði allar innstæður að fullu, eða nánast sama upphæð, án vaxta og fyrri greiðslna, og úrskurðarnefnd úrskurðaði að íslenska ríkið ætti að greiða Landsbankanum fyrir að taka yfir SpKef.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis mun í dag funda um málefni SpKef. Á fundinn mæta fulltrúar frá fjármálaráðuneyti og Fjármálaeftirlitinu (FME). Í máli Valgerðar Bjarnadóttur, formanns nefndarinnar, á Alþingi í gærmorgun kom fram að ekki hefði áður verið farið fram á að málið yrði tekið upp í nefndinni.

**thordur@frettabladid.is**


**DÝR** Sparisjóðurinn safnaði umtalsverðum innlánum eftir bankahrun. Fall hans mun kosta ríkissjóð um 26 milljarða króna þegar allt er talið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Tíu milljarða skuld við Seðlabankann

Fréttablaðið greindi frá því í gær að SpKef skuldaði Seðlabanka Íslands og öðrum fjármálafyrirtækjum 13,9 milljarða króna. Skuldin er til viðbótar við innlán sjóðsins og er á ábyrgð íslenska ríkisins. Samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið hefur undir höndum eru um tíu milljarðar króna af þeirri skuld við Seðlabankann. Sú skuld jókst um sex milljarða króna eftir að SpKef var settur á fót á grunni Sparisjóðsins í Keflavík í apríl 2010. Aukningin var þó öll vegna innlána sem runnu út úr SpKef. Öll viðbótarlán sem Seðlabankinn veitti SpKef voru veitt á grundvelli skaðleysisyfirlýsingar. Í henni fólst að öll viðskipti sjóðsins við Seðlabankann voru bundin skilyrðum um ábyrgð af hálfu ríkissjóðs vegna innstæðna. Því jókst ábyrgð ríkissjóðs á innlánum SpKef ekki vegna þessara viðskipta.






## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**LÍTIL VÆTA**
er í spákortum næstu daga og það er þá helst að lítilsháttar síðdegisskúrir falli sunnan til. Annars verður víða bjart eða bjart með köflum. Það verður áfram svalt um landið austanvert en þokkalegur hiti á Suður- og Vesturlandi.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 17° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 22° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 16° |
| París | 19° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

Áfram veginn 2012

CHEVROLET

# Það er langt í tóman tank!

## Chevrolet AVEO eyðir aðeins **3.6** lítrum á hverja 100 km







Nú getum við boðið nýjan Chevrolet Aveo með hreint ótrúlega sparneytinni díselvél. Eyðslan er aðeins 3,6 lítrar á hverja 100 km*. Það er með því allra lægsta sem þekkist á markaðnum.

*Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Aveo 1,3 dísel LT

**Frítt í stæði fyrir AVEO**

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Kíktu í heimsókn og reynsluaktu Chevrolet í dag – opið frá 10 til 18**



SPARK | VOLT | CRUZE | ORLANDO | CAPTIVA | MALIBU

Bílabúð Benna – Tangarhöfða 8 – 590 2000 • Njarðarbraut 9 – Reykjanesbæ – 420 3330 • Bílaríki – Glerárgötu 36 – Akureyri – 461 3636 • www.benni.is

## KJÖRKASSINN



*Átt þú þér uppáhaldslið á EM í knattspyrnu?*

| | |
|---|---|
| Já | 40,1% |
| Nei | 59,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Kaupir þú notuð föt?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Vísir

Vinnumálastofnun telur að atvinnuleysi gæti farið niður fyrir fimm prósent í þessum mánuði:

# Atvinnuleysi ekki minna síðan í árslok 2008

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnuleysi mældist 5,6 prósent í maí samkvæmt mælingu Vinnumálastofnunar. Lækkaði hlutfall atvinnulausra á vinnumarkaði um 0,9 prósentustig á milli mánaða sem jafngildir því að atvinnulausum hafi fækkað um ríflega þúsund. Atvinnuleysi hefur ekki mælst minna síðan í desember árið 2008.

Talsverðar árstíðasveiflu gætir í atvinnuleysistölum og nær mælt atvinnuleysi yfirleitt lágmarki á hverju ári á tímabilinu júní til september. Því er almennt búist við að atvinnuleysi haldi áfram að minnka á næstunni og gerir Vinnumálastofnun ráð fyrir að atvinnuleysi verði á bilinu 4,6 til 5,0 prósent í þessum mánuði.

Til samanburðar við 5,6 prósenta atvinnuleysi í maí var atvinnuleysi 7,4 prósent í sama mánuði í fyrra og 6,7 prósent í júní sama ár.

Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysi í maí 6,3 prósent en 4,5 prósent á landsbyggðinni. Sem fyrr er atvinnuleysi mest á Suðurnesjum, eða 9,4 prósent, en minnst á Vestfjörðum þar sem það er aðeins 2,0 prósent. Um 5,4 prósent karla eru atvinnulaus og um 5,9 prósent kvenna. **- mþl**

### Hlutfallslega lítið

Í samanburði við tölur frá nágrannaþjóðum telst atvinnuleysi hlutfallslega lítið hér. Í apríl var meðalatvinnuleysi í ESB 10,3 prósent, þegar það var 6,5 prósent á Íslandi. Í sama mánuði var atvinnuleysi 8,4 prósent í Finnlandi, 8,2 prósent í Bretlandi, 7,8 prósent í Svíþjóð, 7,7 prósent í Danmörku og Bandaríkjunum en einungis 2,6 prósent í Noregi.



**ÍSAFJÖRÐUR** Atvinnuleysi í landinu er minnst á Vestfjörðum, tvö prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**RÁÐHERRAR** Jóhanna Sigurðardóttir sótti fund forsætisráðherra Norðurlandanna 10. og 11. þessa mánaðar.

Forsætisráðherrar funda:

# Fordæma árásir á fólk í Sýrlandi

**SÝRLAND Forsætisráðherrar Norðurlandanna fordæma árásir á óbreytta borgara í Sýrlandi. Þetta var samþykkt á fundi þeirra í Norður-Noregi.**

**Í ályktun ráðherranna eru fjöldamorðin í Houla og Qubayr sögð algjörlega óviðunandi. Áframhaldandi árásir sýni að sýrlensk stjórnvöld hafi að engu friðaráætlun Kofi Annan á vegum Sameinuðu þjóðanna. Kalla eigi árásarmenn til ábyrgðar.** **- bþh**

## LÖGREGLUMÁL

### Gata lokuð í Njarðvík

Vegna framkvæmda verður Borgarvegur í Njarðvík lokaður við Holtsgötu í dag og fram á morgun. Lögreglan á Suðurnesjum bendir á að á meðan verði einstefna á Holtsgötu frá Hjallavegi að Borgarvegi.

### Bensínfótarþyngsli

Þrjátíu ökumenn, sem í gær urðu á vegi lögreglu á Reykjanesbraut, þar sem er 90 kílómetra hámarkshraði, reyndust með „of þungan bensínfót“, eins og lögreglan orðar það í tilkynningu. Þeir voru allir kærðir fyrir of hraðan akstur.

### Bent á snjallforrit

Almannavarnadeild lögreglunnar vekur athygli á nýju snjallsímaforriti. „Með forritinu geta ferðamenn kallað eftir aðstoð ef um slys eða óhapp er að ræða. Einnig geta þeir nýtt það til að skilja eftir sig slóð, „brauðmola“, en slíkar upplýsingar geta skipt sköpum ef óttast er um afdrif viðkomandi ferðalanga,“ segir í frétt á vef lögreglunnar. Forritið, 112 Iceland, er hægt að sækja á vefinn safetravel.is.




**MÓTMÆLI UM HELGINA** Þessi mynd birtist í gær og er sögð sýna mótmæli í Idlib-héraði í norðurhluta Sýrlands á sunnudag. Mótmælin hafa beinst gegn Rússum, sem eru helstu bandamenn Assads forseta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Borgarastyrjöld sögð skollin á í Sýrlandi

**Sameinuðu þjóðirnar segja ástandið í Sýrlandi nú þannig að þar sé hafin borgarastyrjöld. Ráðist var á bílalest eftirlitsmanna SÞ við bæinn al-Haffa í gær. Hermenn Assads sögðir bera fyrir sig börn og sagðir hafa pyntað þau og myrt.**

**SÝRLAND** Ráðist var að bílalest eftirlitsmanna á vegum Sameinuðu þjóðanna þegar þeir reyndu að komast inn í bæinn al-Haffa í Sýrlandi í gær. Hópur fólks gerði aðsúg að bílalestinni og kastaði grjóti og járnstöngum að henni auk þess sem skotið var á hana.

Herve Ladsous, aðstoðaryfirmaður friðargæslu SÞ, sagði aðspurður í gær að hann teldi að nú mætti segja að borgarastyrjöld væri brostin á í landinu. „Það sem er að gerast er að stjórnvöld í Sýrlandi hafa tapað yfirráðum yfir stórum hlutum landsins, mörgum borgum, yfir til uppreisnarmanna og vilja nú ná völdum aftur.“

Áður höfðu bæði framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-moon, og Kofi Annan, sérstakur erindreki í málefnum Sýrlands, lagt áherslu á að eftirlitsmenn fengju óheftan aðgang að bænum þar sem framin voru fjöldamorð fyrr í vikunni og átök eru sögð hafa harðnað. Reuters-fréttastofan hefur eftir einum uppreisnarmanna í bænum að ástandið sé skelfilegt. „Gleymið vopnunum, fólk þarf lyf og mat. Eins og þið vitið er stríðsástand í Sýrlandi. Herinn gæti ráðist inn í Haffa á nokkrum mínútum en þeir reyna í staðinn að leggja bæinn í rúst.“

Þá sýnir ný skýrsla Sameinuðu þjóðanna, sem kynnt var í Öryggisráðinu á mánudag, að börn hafi verið myrt, pyntuð, handtekin og fangelsuð í átökunum í Sýrlandi. Börn hafi verið beitt harðræði og kynferðislegu ofbeldi. Þá séu þess dæmi að börnin hafi verið notuð sem vörn í árásum.

Radhika Coomaraswamy, fulltrúi framkvæmdastjóra SÞ í málefnum barna og hernaðarátaka, flutti Öryggisráðinu skýrsluna. Hún segir óvenjulegt að börn séu tekin höndum, þau pyntuð og myrt. Slíkt sjáist ekki víða og sé hræðilegt. Tekin voru viðtöl við fjölda barna og fyrrverandi hermenn í stjórnarhernum vegna skýrslugerðarinnar. Samkvæmt skýrslunni eru líka dæmi um að uppreisnarmenn hafi látið börn berjast.

Bandaríkjastjórn sagði í gær að rússnesk stjórnvöld væru að senda Bashar al-Assad og stjórnvöldum hans herþyrlur. Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði að þyrlunar myndu auka átökin í landinu gríðarlega mikið. Hún kallaði eftir því að Rússar hjálpuðu frekar til við að koma á pólitískri lausn á málinu. Þá sögðu Bandaríkjamenn að þeir óttuðust að sýrlensk stjórnvöld væru að skipuleggja frekari fjöldamorð í al-Haffa. **thorunn@frettabladid.is**




Norskur sérfræðingur flutti erindi um reynslu Norðmanna af greiðsluaðlögun:

# Samræmis sé gætt við skuldaaðlögun

**SKULDAMÁL** Egil Rokhaug, sérfræðingur í löggjöf og framkvæmd greiðsluaðlögunar einstaklinga í Noregi, flutti erindi á fundi hjá Umboðsmanni skuldara á mánudag. Íslenska löggjöfin um greiðsluaðlögun byggir að hluta á þeirri norsku sem var eins og hin íslenska sett í kjölfar fjármálakrísu þar í landi en hin norska varð á árunum eftir 1990.

Í máli sínu lagði Rokhaug áherslu á að gæta þyrfti samræmis í því hvernig tekið væri á málum skuldara. Fyrst um sinn hefðu Norðmenn glímt við þann vanda að brugðist hefði verið með mjög mismunandi hætti við umsóknum um greiðsluaðlögun á ólíkum svæðum.

Þá taldi Rokhaug lykilatriði að lánastofnunum og kröfuhöfum væri skylt að taka þátt í samningum um greiðsluaðlögun. Fljótlega hefði komið í ljós að margir kröfuhafar væru ekki tilbúnir til þess að gefa krónu eftir af kröfum sínum. Fyrir skuldarana og hagkerfið sem heild væri þó skynsamlegt að hafa úrræði sem þetta í boði.

Samkvæmt norsku lögunum þarf skuldari í greiðsluaðlögun að greiða vexti af öllum sínum lánum í fimm ár frá samþykkt aðlögunarinnar. Þessi fimm ár er skuldarinn jafnframt á vanskilaskrá. Að þeim tíma loknum eru allar skuldir viðkomandi færðar niður þannig að þær séu ekki hærri en sem nemur verðmæti húsnæðis viðkomandi.

Norska þingið hefur breytt löggjöfinni um greiðsluaðlögun fjórum sinnum til að einfalda greiðsluaðlögunina og til að lagfæra vankanta á lögunum. **- mþl**



**EGIL ROKHAUG** Samkvæmt norskum lögum um greiðsluaðlögun eru skuldarar á vanskilaskrá í fimm ár frá samþykkt aðlögunar og greiða á meðan vexti af öllum sínum lánum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



LYFJA
- Lífið heil

# Ný og glæsileg verslun á Stórhöfða

Flügger hefur opnað nýja og glæsilega verslun á Stórhöfða 44. Fjölbreytt úrval af gæðavörum fyrir íslenskar aðstæður, fagleg ráðgjöf og frábær þjónusta.













## KaffiFlügger
MATSTOFA

Heitur matur í hádeginu alla virka daga. Hagstætt verð og gæði eins og þau gerast mest.



## Lengri afgreiðslutími!

Betri afgreiðslutími fyrir alla; fagmanninn sem byrjar snemma, þá sem velja að koma eftir annasaman vinnudag … og alla hina líka! Einfalt og gott, opið alla daga vikunnar frá 7–19.

## Vöruna beint í bílinn!

Nú færðu vöruna beint í bílinn – fljótlegt og þægilegt fyrir alla, sama hvernig viðrar.

Einnig er þvottaaðstaða fyrir vinnufatnað og málningarverkfæri og aðstaða til geymslu á því sem ekki rúmast í bílnum.




# OPIÐ **7–19** ALLA DAGA

**7-7-7**



Stórhöfði 44, 110 Reykjavík | Sími 567 4400 | www.flugger.is

**Flügger litir**

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða læknir fékk Norrænu lýðheilsuverðlaunin 2012?
2. Hvaða fyrirtæki setti upp ólögleg auglýsingaspjöld í Reykjavík?
3. Hvað sóttu tveir björgunarsveitarmenn ofan í gjótu í Vestmanneyjum?

**SVÖR**

1. Haraldur Briem 2. Zo-On 3. Lamb

ÍSÍ segir forsvarsmenn sérsambanda þvertaka fyrir að ofbeldisfull busun nýliða tíðkist innan íþróttafélaga:

# ÍSÍ fordæmir ofbeldisfullar busavígslur

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við munum klárlega senda þá áskorun til okkar sérsambanda að við fordæmum alla slíka hegðun í ljósi þessarar umræðu," segir Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ). „Svona á ekki að eiga sér stað."

Ómar Ragnarsson greindi frá því á bloggsíðu sinni um helgina að busanir nýliða innan íþróttahreyfinga landsins verði oft svo ofbeldisfullar að mennirnir sem fyrir þeim verða geti vart setið eða gengið á eftir, meðal annars eftir að hafa verið hýddir í sturtu. Líney segir fregnirnar hafa komið sér í opna skjöldu og lét sviðsstjóra innan sambandsins, Viðar Sigurjónsson, því kanna málið. Viðar hafði samband við sérsambönd ÍSÍ og segist ekkert hafa heyrt sem rími við frásögn Ómars.

„Ég hef talað við forystumenn sambandanna og þeir kannast ekki við þessi mál með þeim hætti sem Ómar lýsir," segir hann. „En það breytir því ekki að við hjá forystusveit hreyfingarinnar tökum allt svona alvarlega. Við munum senda út ábendingar til okkar sambandsaðila um að skoða þessi mál innan sinna raða til að vera viss um að svona tíðkist ekki."

Viðar segir sömu þróun hafa orðið innan íþróttahreyfinga varðandi nýliðavígslur og hjá framhaldsskólum. Nýliðar í landsliðum séu nú til dags látnir flytja ræður, syngja lög eða bera töskur. Ofbeldi eins og hýðingar tíðkist ekki.

„Val á hugtökum í bloggi Ómars á ekkert skylt við það sem á sér stað innan hreyfingarinnar," segir Viðar. **- sv**



**KOM FRAMKVÆMDASTJÓRA Á ÓVART** Umfjöllun um ofbeldisfullar busavígslur innan íþróttahreyfinga kom framkvæmdastjóra ÍSÍ verulega á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FISKBÚÐIN HÖFÐABAKKA
HÖFÐABAKKA 1 SÍMI 587 5070
FLOTTUR STÓR HUMAR
5.500 kr.kg ( 1 kg. í öskju )
Góð Laxaflök • Fiskisteikur í úrvali
Fiskur á grillið eða í ofninn
Íslenskar gullauga kartöflur
Heitur matur frá 11.30-13.30 og 17.00-19.00
Beinlaus Lambasteik, kryddaðar rúllur beint í ofnin 1.390 kr.kg
Grillsagað lambakjöt
1.100 kr.kg ( 6-8 kg. í poka )
Örugglega bestu kaupin
Íslensk hreindýrateik úr læri
120 gr Hamborgarar • Gott verð
Snæfell Sérvalið Gæðakjöt 100% AUSTFIRSKT!

# Umræðu lokið um göng en afdrif óljós

**Alþingi hefur lokið umræðu um fjármögnun Vaðlaheiðarganga og atkvæðagreiðslan ein er eftir. Óljóst er um stuðning og gengur málið þvert á alla flokka. Tekist er á um hvort taka eigi framkvæmdina fram yfir samgönguáætlun.**

**SAMGÖNGUR** Umræðu um ríkisábyrgð vegna fjármögnunar Vaðlaheiðarganga lauk á Alþingi í gær. Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra fer fram á heimild fyrir ríkissjóð til að undirrita lánasamning við Vaðlaheiðargöng hf. vegna framkvæmda við göngin fyrir allt að 8,7 milljarða króna.

Félagið sjálft, eignir þess og tekjustreymi eiga að vera fullnægjandi tryggingar fyrir láninu.

„Hér er um afar brýnt verkefni að ræða sem mun koma þjóðinni allri til góða í framtíðinni," sagði Oddný þegar hún mælti fyrir frumvarpinu. Hún sagði göngin vera á samgönguáætlun og ef ekki yrði farið í framkvæmdina með þessum hætti væru allar líkur á að ríkissjóður myndi kosta hana að fullu þegar þar að kæmi.

„Með því að vinna með heimamönnum að framgangi þessa verkefnis í sérstöku félagi, í stað þess að ríkissjóður kosti framkvæmdina að fullu þegar að henni kemur í samgönguáætlun, er ríkið að ná fram miklum ávinningi."

Þeir sem tala gegn málinu hafa bent á að það sé neðarlega á samgönguáætlun og önnur göng séu þar í meiri forgangi. Ekki sé rétt að taka eina framkvæmd fram yfir opinbera stefnumótun. Þá hefur verið sett spurningarmerki við aðkomu ríkisins að málinu.

„Hér er um aðferð að ræða sem ber nokkurn keim af því, svo vægt sé til orða tekið, að verið sé að fara fram hjá efnahag ríkisins með þetta verkefni," sagði Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, þegar málið var lagt fram.



**VAÐLAHEIÐI** Fyrirhuguð göng verða 7,4 km að lengd og munu stytta þjóðveg 1 um 15,7 km, eða um rúmar 10 mínútur sé ekið á 90 km hraða. Heildarkostnaður við göngin verður um 11 milljarðar og lánar ríkið 8,7 milljarða. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN KRISTJÁNSSON



**ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR**



**BIRGIR ÁRMANNSSON**

„Það er í þessu áhætta sem á eftir að meta miklu betur en gert hefur verið. Þrátt fyrir að verkefnið sem slíkt sé fallegt, jákvætt og gott þá er verið að koma með það inn í þingið á forsendum sem ég er hræddur um að standist ekki."

Meirihluti fjárlaganefndar mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Ákveðin áhætta felist í því en samfélagslegur ávinningur verksins sé umtalsverður. **kolbeinn@frettabladid.is**

### Óviss afdrif

Andstaða við málið gengur þvert á alla flokka og fjölmargir stjórnarliðar hafa lýst sig andsnúna málinu. Það er því nokkur spenna í loftinu um afdrif þess við atkvæðagreiðslu.

Heimildarmenn Fréttablaðsins telja þó að það verði samþykkt. Sú staðreynd að umræðu um málið hafi lokið og atkvæðagreiðsla sé fyrirhuguð bendi til þess.

Alþingi greiðir atkvæði um málið klukkan þrjú í dag.





Grænlenska landsstjórnin og ESB semja um sölu bergtegunda:

# Komið í veg fyrir einkarétt Kína

**GRÆNLAND** Grænlenska landsstjórnin mun ásamt Evrópusambandinu, ESB, undirrita í Nuuk í dag yfirlýsingu sem á að tryggja að Kínverjar fái ekki einkarétt á sölu fjölda mikilvægra bergtegunda í landgrunni Grænlands, heldur verði þær boðnar út á frjálsum markaði.

Kínversk fyrirtæki geta tekið þátt í vinnslu svokallaðra „sjaldgæfra bergtegunda" á Grænlandi og sölu þeirra en grænlenska landsstjórnin skuldbindur sig nú til að tryggja að viðskipti með bergtegundirnar verði frjáls, að því er segir á vef danska ríkisútvarpsins.

Gert er ráð fyrir að Grænlendingar fái 25 milljóna evra fjárhagsstuðning á komandi árum við vinnslu bergtegundanna vegna samvinnunnar við ESB.

Stjórnvöld í Danmörku reyndu fyrr á þessu ári að hafa meiri áhrif á samningana við ESB. Danska stjórnin, sem styðst við greiningu leyniþjónustu hersins, er þeirrar skoðunar að „sjaldgæfar bergtegundir" hafi svo mikið hernaðarlegt gildi að líta verði svo á að vinnsla þeirra heyri undir utanríkis- og öryggismál sem heyri undir Danmörku.

Kína hefur nú yfirráð yfir 95 prósentum af heimsframleiðslunni úr sjaldgæfum bergtegundum sem meðal annars eru notaðar í háþróuð vopnakerfi, farsíma, vindmyllur og ýmsar hátæknivörur. Þess vegna hafa ríkisstjórnir, leyniþjónustur og iðnfyrirtæki á Vesturlöndum lengi reynt að koma í veg fyrir að Kínverjar fái einkarétt yfir bergtegundunum við Grænland sem eru þær mestu utan Kína. Kínverjar hafa áður notað yfirráð sín yfir sjaldgæfum bergtegundum til dæmis til þess að þvinga Japani til að fylgja fyrirmælum sínum. **- ibs**



**Í NUUK** Þessi leikskólabörn vöktu áhuga ljósmyndara blaðsins þegar hann var í Nuuk fyrir nokkru. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHEM

www.lyfja.is

# LYFJA
- Lifið heil






## + öryggi í hverju skrefi

**Göngutaskan er ómissandi í farteskið** hvort sem þú ætlar í langa og stranga ferð um hálendið eða léttan skreppitúr á næsta fjall. Festu hana í beltið eða stingdu henni í bakpokann. Byrjaðu ferðina með því að koma við í Lyfju og notaðu ferðina til að fylla á sjúkrakassann í bílnum eða bústaðnum og njóttu öryggis í allt sumar.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 59825 05/12

## Purity herb Útivistarkrem




**Útivistarkrem** 100% náttúrulegt, græðandi krem sem verndar gegn sól og endurkasti sólar af snjó. Inniheldur náttúrulega sólvörn. Kremið kemur úr pumpukrukkum, sem hindrar aðgengi súrefnis og lengir líftíma þess.

**Flott í bakapokann eða vasann í sumar.**

## Solaray Astaxanthin

Hjálpar líkamanum að ná sér eftir æfingar og áreynslu. Örvar einnig litafrumur í húðinni, flýtir fyrir sólbrúnku og dregur úr líkum á sólbruna og sólarexemi.




## Vulkan stoðhlífar

**Vulkan hita- og stuðningshlífar.**
Mikið úrval fyrir hæla, kálfa, hné, læri og nára.
Gott verð.




VULKAN®

## Heelen gelhlíf fyrir hæl

**Hælsærisvörn sem virkar.**
Afar einfalt í notkun, mjúkur gelpúði situr þétt á hælnum og ver hæl og hásin. 2 stk. í pakka.

+ Engar blöðrur
+ Ekkert lím
+ Ekkert klístur
+ Hægt að nota aftur og aftur

Einnig er hægt að fá Heelen gelhlíf fyrir ökklakúlur, og Heelen gelhlíf fyrir hæl og rist.

Heelen

Í samvinnu við Félag íslenskra fótaaðgerðafræðinga



## Decubal Sun sólarvörn

**Decubal 2 in 1 Sun Cream**
Er umhverfisvottuð sólarvörn sem inniheldur Aloe Vera og E-vítamín. Decubal 2 in 1 Sun veitir góða vörn gegn skaðlegum geislum sólarinnar ásamt því að gefa raka og næra húðina.
Hentar bæði fyrir börn og fullorðna.

+ Án parabena, ilm- og litarefna
+ Svansmerkt
+ Hefur vatnsfráhrindandi eiginleika
+ SPF 30

**20% afsláttur** út júní.




## Íbúfen




**Íbúfen**
400 mg, 30 stk.
200 mg, 20 stk.

Lágmúla - Laugavegi - Smáralind - Smáratorgi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd
Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

## Fréttaviðtal: Yfirvofandi hungursneyð í Vestur-Afríku



**PORE YALMA ÁSAMT DÓTTUR SINNI, NAFORÉ, FJÖGURRA ÁRA** Naforé var lögð inn á sjúkrahúsið í Kaya fyrir ellefu dögum, alvarlega vannærð. Barnaheill greiða fyrir lækniskostnað Naforé, eins og allra annarra barna undir fimm ára aldri í Búrkína Fasó.



**ZALISSA, Á SJÚKRAHÚSINU Í KAYA** Á dýnu á gólfinu liggur ellefu daga gömul, vannærð dóttir Zalissu.



**NEMATA, FJÖGURRA ÁRA** Nemata fær tvær máltíðir á dag, sem báðar samanstanda af sorghum (í ætt við kúskús) með sósu gerðri úr baobab-laufum. Búrkína Fasó er eitt af fátækustu löndum heims og á næstu tveimur mánuðum er líklegt að eitt af hverjum tíu börnum muni þjást af alvarlegri vannæringu.

# „Fólk bregst ekki við fyrr en það sér lík“

**Gríðarleg hungursneyð vofir yfir Vestur-Afríku, en þar hafa rigningar brugðist, miklir þurrkar herjað á íbúa og ítrekaður uppskerubrestur fylgt í kjölfarið. Héðinn Halldórsson er á svæðinu og segir viðbrögð við ástandinu langt frá því að vera nógu hröð.**



**ABDOLAYE, TÓLF ÁRA** Abdolaye ásamt fjölda kvenna og barna að leita að gulli á árbakka í Kaya-héraði. „Það er ekki til nægur matur heima,“ sagði Abdoulaye, einn fimm bræðra, en ein afleiðing yfirvofandi hungursneyðar er að börn neyðast til að hætta að stunda skóla, til að vinna fyrir sér fyrir mat. BARNAHEILL/HÉÐINN HALLDÓRSSON

„Þetta er eiginlega tifandi tímasprengja. Næstu tveir mánuðir eru afgerandi. Þetta getur ekki annað en versnað. Við erum núna mitt á milli uppskera, þetta er það sem kallað er „magurt“ tímabil,“ segir Héðinn Halldórsson, fjölmiðlatengill fyrir samtökin Barnaheill.

Hann segir eina milljón manna standa frammi fyrir alvarlegri vannæringu í níu löndum Vestur-Afríku. Verst telur hann ástandið í Níger og Búrkína Fasó, en Héðinn er staðsettur í Búrkína Fasó þessa stundina.

Héðinn segist afar sleginn yfir ástandinu. Hann bendir á að eitt barn af hverjum tíu sem búi á svæðinu, sé nú þegar alvarlega vannært og fólk orðið verulega örvæntingarfullt.

„Ég hef séð að fólk er að bregða á algjör neyðarráð. Það er verið að taka börn úr skólum svo þau geti aflað tekna eða matar. Fólk borðar einu sinni á dag, mjög næringarlítinn mat, af því að það reynir að þrauka þetta tímabil og sker við nögl þann litla mat sem það hefur.

Fólk reynir líka að selja kindur og geitur, sem er mjög neikvæð aðferð til að komast af. Það er skammtímalausn, því þegar búið er að selja allan stofninn er ekkert eftir. Hvorki matur, peningar né bústofn. Þá er það bara dauði sem blasir við.“

Héðinn segir alvarlegt hversu lengi umheimurinn og hjálparsamtök voru að taka við sér.

„Viðbrögðin hafa verið einhver en þau hafa ekki verið nógu hröð. Það sem þarf að gerast er að fá aukið fjármagn og það þarf athygli í fjölmiðlum. Fólk bregst ekki við fyrr en það sér lík á sjónvarpsskjá.“

Katrín Tinna Gauksdóttir
katrin@frettabladid.is



www.volkswagen.is




Volkswagen Passat EcoFuel

Ratvís og víðsýnn

Til viðbótar við ríkulegan staðalbúnað í Volkswagen Passat Comfortline Plus er nú fullkomið leiðsögukerfi með Íslandskorti ásamt bakkmyndavél.

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Passat

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

orkan.is/sumarleikur




# -7 kr. í 2 vikur




# Sumarleikur Orkunnar




Skráðu **2 vikna tímabil** í sumar á **orkan.is** og fáðu **7 kr. afslátt** með kortum og lyklum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.

Afslátturinn gildir á bensínstöðvum Orkunnar og Shell um allt land allan tímann. Vinsamlegast athugið að 7 krónu afslátturinn bætist ekki við annan afslátt.

**Orkulykillinn** – *hagkvæmasti ferðafélaginn*

ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

**Hjóla- og göngustígar á höfuðborgarsvæðinu**

# Blindhorn og aðrar slysagildrur á stígum

**Víða um höfuðborgarsvæðið má finna sameiginlega göngu- og hjólastíga, sem eru yfirleitt í mikilli notkun á sumrin. Á mörgum stöðum eru blindhorn og aðrar slysagildrur. Pjetur Sigurðsson ljósmyndari tók meðfylgjandi myndir.**

Pálmi Freyr Randversson, sérfræðingur í samgöngumálum hjá Reykjavíkurborg, segist ekki fá margar tilkynningar eða ábendingar um slys á hjóla- og göngustígum. Það vanti upp á að borginni sé tilkynnt um slíkt, en mál séu tilkynnt til lögreglu ef svo ber undir og þá skoði borgin skýrslur lögreglunnar. Frekar berist ábendingar frá fólki sem búist við því að slys gætu orðið á tilteknum stöðum og þá reyni borgin að bregðast við því áður en það gerist.

Eins og sést á myndunum er gripið til ýmissa ráðstafana vegna blindhornanna, búið er að laga stígana sums staðar og á öðrum stöðum hafa verið settir upp speglar eða viðvörunarskilti. „Svo er reynt að klippa gróður ef hann er að trufla,“ segir Pálmi Freyr. „Nú er verið að hanna nýja hjólastíga. Stígarnir sem hafa verið gerðir eru blanda af göngu- og hjólastígum og þeir eru ekki hannaðir út frá hraðanum sem hjólreiðafólk er á. Sameiginlegir stígar eru meira útivistarstígar en nú er farið að hugsa þetta meira sem samgöngur og út frá hraðanum.“ Þannig séu fleiri blindhorn í gamla stígakerfinu, en vonandi verði engin í því nýja. „Á nýju stígunum eru beygjuradíusar betur útfærðir fyrir hjól og meiri hraða.“

thorunn@frettabladid.is



**GULLINBRÚ** Þessi stígur liggur undir Gullinbrúna í Grafarvogi og vegna þess hve beygjan er kröpp hefur verið settur upp spegill eins og tíðkast í bílaumferðinni.



**BROTINN SPEGILL** Spegillinn lítur hins vegar svona út.




WWW.N1.IS | N1 ÁRTÚNSHÖFÐA | OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN



**ELLIÐAVOGUR** Mikið er um göngu- og hjólastíga í Elliðaárdalnum og oft talsverð umferð bæði gangandi og hjólandi vegfarenda. Ekki sést heldur fyrir hornið hér.



**Í VOGINUM** Ekki sést langt fram á veginn á þessum stíg í Grafarvoginum.



**TVÖFALDUR STÍGUR Í BÍGERÐ** Við Víkingsheimilið í Fossvogsdalnum er verið að laga stíga til að koma í veg fyrir blindhornin.




**VARAÐ VIÐ BLINDHORNI** Á þessum fjölfarna göngu- og hjólastíg við Skerjafjörðinn hefur verið sett upp viðvörunarskilti.



**SKÖRP BEYGJA** Þessi göngustígur er við leikskólann Steinahlíð við Suðurlandsbraut. Beygjan er kröpp og ekki sést fyrir hornið.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR








NÝR OG SPENNANDI MATSEÐILL Á N1 ÁRTÚNSHÖFÐA

TILKYNNING
TIL SÆLKERA

Nesti
Á N1 STÖÐINNI

Komdu og smakkaðu úrval af nýjum og ferskum réttum og heitum og köldum kaffidrykkjum!

N1
Meira í leiðinni

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Viðurstyggileg fjöldamorð í Sýrlandi:

## Hvað þarf til að stöðva Assad?

Ástandið í Sýrlandi fer stöðugt versnandi. Flestum blöskrar framferði stjórnarhersins og bandamanna hans, ekki sízt skipulögð fjöldamorð á almennum borgurum. Ný skýrsla Sameinuðu þjóðanna sýnir fram á kerfisbundið ofbeldi gegn börnum í landinu, fyrst og fremst af hálfu stjórnvalda. Börn hafa verið pyntuð, beitt kynferðisofbeldi, drepin og bundin við skriðdreka stjórnarhersins til að fæla uppreisnarmenn frá því að skjóta á þá.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Hinir síðastnefndu eru ekki saklausir af voðaverkum, en framferði sýrlenzkra stjórnvalda ber vott um algjöra örvæntingu; Assad forseti og stjórn hans er greinilega að missa tökin. Hætta er á að ástandið í Sýrlandi þróist út í blóðuga borgarastyrjöld, sem jafnvel getur breiðzt út til fleiri ríkja, til dæmis Líbanons. Borgarastyrjöld var raunar orðið sem Kofi Annan, sáttasemjari Sameinuðu þjóðanna og Arababandalagsins, notaði um ástandið í landinu í gær.

Þingmenn á Alþingi Íslendinga fordæmdu fjöldamorðin í Sýrlandi við upphaf þingfundar í gær. Ragnheiður Elín Árnadóttir þingmaður Sjálfstæðisflokksins kallaði fréttir frá landinu réttilega „ömurlegar, ógeðfelldar og ógeðslegar". Bæði hún og Róbert Marshall, þingmaður Samfylkingarinnar, hvöttu utanríkisráðherra til að beita sér á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eða Atlantshafsbandalagsins fyrir því að unnt yrði að stöðva drápin í Sýrlandi.

Róbert Marshall hefur hins vegar rétt fyrir sér í því að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna er sem stendur ónýtt verkfæri í þessu máli. Þar hafa Rússland og Kína beitt neitunarvaldi gegn hvers konar aðgerðum sem líklegar eru til að duga til að stöðva Assad og koma honum og stjórn hans frá völdum. Án umboðs frá Öryggisráðinu er afar ósennilegt að NATO grípi til aðgerða í Sýrlandi. Raunar er ástæða til að reyna allar leiðir aðrar áður en gripið verður til þess að beita hervaldi til varnar óbreyttum borgurum í Sýrlandi. Þessi heimshluti er þvílík púðurtunna að hernaðaríhlutun gæti haft öfugar afleiðingar.

Stjórn Assads skákar enn í skjóli Rússlands og Kína. Þessi ríki vilja ekki samþykkja neins konar íhlutun í „innanríkismálefni", jafnvel ekki vegna fjöldamorða og mannréttindabrota, enda sjálf ekki með hreinan skjöld. Staðreyndin er sú að Assad og sveitir hans munu halda áfram uppteknum hætti nema voldugustu ríki heims tali einni röddu og útskýri fyrir stjórninni í Sýrlandi að hún sé einangruð og eigi sér enga stuðningsmenn lengur.

Þeir sem vilja stöðva morðin í Sýrlandi ættu að hvetja þessi tvö voldugu ríki, sem bæði eiga sendiráð í Reykjavík og eru í góðu kallfæri, til að beita sér af alvöru fyrir því að stöðva blóðbaðið og taka hagsmuni almennra borgara í Sýrlandi fram yfir eigin valdapólitík.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ramminn sem hvarf

Beðið var eftir þingsályktunartillögu um rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með nokkurri eftirvæntingu. Fæðingin var enda löng og Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra sagði reglulega að málið væri á lokametrunum. Stjórnarliðar sögðu það vera eitt þeirra mála sem lögð yrði áhersla á að kláruð yrðu á yfirstandandi þingi. Svo hvarf ramminn. Á málið hefur varla verið minnst síðustu vikur og lítið hefur farið fyrir því að unnið sé að framgangi þess, fyrir opnum tjöldum að minnsta kosti. Áherslan hefur öll verið á sjávarútveg og, líkt og oft áður, hafa umhverfismálin horfið í skugga annarra mála.



### Kosningavitund í lagi

Háskólanemar eiga samkvæmt skilgreiningu að hafa gríðarlegan áhuga á þjóðmálum. Í því ljósi er athyglisvert að sjá að þeir áætla árlega útilegu sína um sömu helgi og kosið verður til forseta. Nemarnir ætla að liggja úti frá föstudegi til sunnudags og því allar líkur á að þeir flykkist til sýslumanns til að kjósa utan kjörfundar áður en herlegheitin hefjast.

### Erfiður starfi

„Ég hef lýst mig reiðubúna til að starfa á hverjum einasta degi fram að kosningum, sem verða vonandi bráðlega," sagði Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, á Alþingi 3. maí, þegar rætt var um hvort funda þyrfti fram á sumar. Nú er Vigdís komin í sumarfrí og búin að kalla inn varamann, þó engar hafi kosningarnar orðið. Vigdís lýsti því reyndar yfir í ívitnaðri ræðu að þingmenn gætu einmitt gert það og það er rétt. Alþingi er ekki leikskóli sem loka þarf í mánuð vegna sumarfría.



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## „Massapóstur" á þingnefnd

Orkumál



Gústaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja

Alls liggja nú á fjórða hundrað umsagnir fyrir hjá atvinnuveganefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða – rammaáætlun. Er þetta óvenjulegur fjöldi en hátt á þriðja hundrað einstaklinga hafa sent inn umsagnir í eigin nafni. Margar þeirra umsagna eru afar keimlíkar og fyrirmynd að þeim texta hefur mátt finna á vefsíðum ýmissa náttúruverndarsamtaka. Kemur þar ítrekað fram sú fullyrðing að mikilvægt sé að sem flestir sendi inn umsagnir vegna þess að „magnið" geti haft áhrif. Umræddar umsagnir eru sumar í formi tölvupósts og finna má dæmi um að í efnislínu (subject) komi fram orðasambandið „Massapóstur á Atvinnuveganefnd".

Þetta er allt gott og blessað en bætir litlum upplýsingum við fyrir nefndina. Þótt einn hópur kjósi að skipuleggja sig með slíkum hætti segir það ekkert um afstöðu alls þorra landsmanna og ekki er mikið um viðbótarrök í mörgum þessara umsagna.

### Lýðræði og virkjanir

Ef leggja á áherslu á sjónarmið um lýðræðislega aðkomu má minna á að sumir virkjanakostirnir hafa t.d. þegar farið í gegnum lýðræðislegt ferli mats á umhverfisáhrifum, með tilheyrandi opnum umsagnarferlum og ákvarðanatöku lýðræðislega kjörinna fulltrúa á sviði skipulagsmála. Jafnvel eru dæmi um að virkjanakostir hafi verið kosningamál í síðustu sveitarstjórnarkosningum og stuðningsmenn umræddra virkjana borið þar sigur úr býtum. Reyndar gerir sú tillaga sem nú liggur fyrir Alþingi ráð fyrir að sumir virkjanakostir þar sem mati á umhverfisáhrifum er lokið og aðalskipulag og stuðningur sveitarstjórna liggur fyrir fari í bið- eða verndarflokk, þótt verkefnisstjórn hafi raðað þeim mjög framarlega í sínu áralanga faglega ferli. Sem kunnugt er hefur niðurstöðum þess faglega ferlis verið varpað fyrir róða í fyrirliggjandi tillögu, í tvöföldu óljósu ferli á vettvangi stjórnmálanna, en það er önnur umræða.

Samorka getur hins vegar glatt þingheim með því að ekki stendur til að samtökin hvetji framvegis til sendinga á „massapósti" til þingnefnda um einstök þingmál.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Enn um vald forseta

Forsetaembættið
Finnur Torfi Stefánsson
lögfræðingur



Mikil hreyfing er nú meðal manna að gefa forseta Íslands heimild til þess að neita að undirrita lög frá Alþingi og gera hann þannig pólitískan. Þetta gera menn þvert gegn þeim skilningi á stjórnarskránni, sem verið hefur í gildi frá lýðveldisstofnun, að forseti sé, þrátt fyrir mikil formleg völd, efnislega með öllu valdalaus og ábyrgðarlaus á öllum stjórnarathöfnum. Sú túlkun byggir á skýrum og óumdeilanlegum ákvæðum stjórnarskrárinnar, eins og sýnt hefur verið fram á hér í blaðinu. Ekki verður þess vart að stuðningsmenn pólitísks forseta ætli sér að breyta stjórnarskránni með þeim hætti sem lögboðinn er, heldur eiga yfirlýsingar og endurtekningar í fjölmiðlum að duga og forseti að hrifsa völdin sjálfur í kjölfarið, eftir því sem hann telur henta.

Mikill vandi steðjar að þessu góða fólki, því nú hafa runnið upp fyrir því djúpstæðir annmarkar málstaðarins, sem greinilega var ekki hugsað fyrir í upphafi. Ef forsetanum eru játuð völd til þess að neita að skrifa undir lög frá Alþingi þá hlýtur hann einnig að mega neita að skipa ráðherra, setja embættismenn í stöður, gera samninga við erlend ríki og margt fleira, sem upp er talið í stjórnarskránni, eftir því sem honum hentar. Eins og skýrt hefur verið frá hér í blaðinu er það einkum með 11. gr. 13. gr og 14. gr. stjskr., sem öll efnisleg völd eru tekin af forseta og færð öðrum. Menn hafa þegar talað sig upp í það, að framangreind ákvæði gildi ekki um 26.gr stjskr., sem fjallar um málsskotsrétt. Þá hlýtur sú spurning að fylgja hvort ekki sé rétt að tala sig upp í það líka, að víkja greinunum þremur til hliðar hvað varðar allar aðrar starfsskyldur forsetans. Ræða menn það nú í fullri alvöru hvort forseti geti ekki sniðgengið þingræðisreglu og rofið þing að vild sinni .

Einn ágætur háskólakennari skrifaði um þessi efni nýlega og reynir að koma fótum undir haltan málstað. Hann segir meðal annars: „Hins vegar gildir reglan (þ.e. 14.gr. stjskr., innskot undirritaðs) ekki um synjunarvald forseta skv. 26. gr. stjskr. Forseti getur því synjað lögum Alþingis staðfestingar án atbeina ráðherra …“ Háskólakennarinn rökstyður þessa skoðun ekki einu orði og vitnar ekki í neinar réttarheimildir eða lagarök máli sínu til stuðnings. Fullyrðingin ein er látin duga. Efnislega samhljóða fullyrðing hefur dunið á eyrum landsmanna um nokkra hríð og eftir því sem best er vitað alltaf án rökstuðnings. Hér er þeirri aðferð fylgt að láta endurtekninguna undirbyggja sannfæringuna og bæta það upp sem á skortir í rökum. Það er gömul aðferð og hefur orðið mönnum til mikils tjóns og vandræða um langan aldur.

Því næst heldur háskólakennarinn því fram að forsetinn hafi samkvæmt stjskr. „neikvæðar valdheimildir“. Hann verði ekki þvingaður til að staðfesta tillögur ráðherra um ýmis mál. Samkvæmt þessu á forseti að hafa um það frjálst val hvort hann uppfyllir þær ýmsu skyldur embættisins sem á hann eru lagðar í stjórnarskránni. Þetta er frumleg kenning. Gaman væri að vita hvort kennarinn telur þetta valkvæði geta náð til annarra greina réttarins og hvort almenningur geti líka notið góðs af kenningunni og menn ráði því sjálfir að hve miklu leyti þeir hlýða lögum.

Það gildir um þessa kenningu eins og staðhæfinguna um málskotsrétt forsetans, að engin tilraun er gerð til þess að rökstyðja hana, því síður er borið við að finna henni staðfestingu í lögum eða öðrum réttarheimildum. Hér er um að hreina hugarsmíð að ræða, sem er sett fram að því er virðist í þeirri von að hún fái hljómgrunn í fjölmiðlum og verði endurtekin nógu oft til þess að verða á endanum samþykkt sem gildur réttur á Íslandi. Þess verður oft vart að fræðimenn setji fram skoðanir og fullyrðingar með þessum hætti. Sá andi svífur yfir vötnum að menn þurfi ekki lengur að aga hugsun sína eftir akademískum venjum eða að fara eftir lögum. Hroki og sjálfsánægja bólunnar lifir enn. Það er að sönnu furðulegt að heyra löglærða menn tala og skrifa í þeim dúr að unnt sé að breyta stjórnarskrá með því að brjóta hana fyrst og ná síðan samstöðu um brotið í fjölmiðlaumræðu. Hér er komið að grundvelli réttarríkisins. Vilja menn fara eftir lögum eða ekki. Þá heggur sá er hlífa skyldi ef kennarar Lagadeildar HÍ styðja stjórnarskrárbreytingar án laga.

Íslensk stjórnskipun er ekki losaralegur samtíningur heldur heilsteypt smíð. Hún er eins og hús sem hrynur til grunna ef einni meginstoð er kippt undan henni. Málsskotsréttur er nú efnislega í höndum ráðherra. Það má vel vera að gott sé fyrir stjórnarfarið að hafa víðtækari málskotsrétt en það.

Hins vegar stríðir það gegn grunnhugsun stjórnarskrárinnar að forseti hafi slíkt vald. Hann hefur öðrum hlutverkum að gegna, m.a. þeim að stuðla að samstöðu þjóðarinnar og virðingu manna fyrir lögum, rétti og stjórnarfari. Oft var þörf á slíku og nú er það nauðsyn. Hvaða leið sem menn vilja fara í þessu efni ætti það að vera yfir deilur hafið, að stjórnarskránni verður ekki breytt með öðrum hætti en þeim sem mælt er fyrir um í lögum. Fjölmiðlaskrumið eitt getur þar aldrei dugað.

# Rammáætlun um að gera ekki neitt

Rammaáætlun
Jónas Elíasson
fv. prófessor í m. a. virkjunarfræðum



Nú er til umfjöllunar tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, svokölluð Rammaáætlun. Miklar líkur eru á að þarna sé verið að keyra gegnum Alþingi að nánast banna alla frekari virkjun á vatnsafli. Efnahagslegar afleiðingar af þessari stefnu eiga eftir að verða hræðilegar.

### Neðri-Þjórsá þurrkuð út

Í þingsályktunartillögunni voru virkjanir í Neðri-Þjórsá eini bitastæði kosturinn í nýtingarflokki. Undirbúningi þeirra er nánast lokið og álfyrirtækin bíða eftir meiri orku. Þetta eru þrjár virkjanir og er Urriðafossvirkjun þeirra stærst. Menn töldu sig hafa sátt um að halda mætti áfram með þessar virkjanir, en nú hefur komið í ljós að svokallað „náttúruverndarlið“ – sem með réttu ættu að heita andvirkjunarsinnar – ætlar sér að stöðva þetta eftir pólitískum leiðum, hvað sem „faglegri“ umfjöllun annars líður.

### Skelfilegar afleiðingar

Allir eru sammála um að hér vanti fyrst og fremst meiri fjárfestingar til að atvinnulífið komist á skrið og almannahagur vænkist. En í hverju á að fjárfesta? Genginu er haldið uppi með höftum svo öll nýsköpun á mjög erfitt uppdráttar og allir hefðbundnir atvinnuvegir eru í einhvers konar kreppu; í sjávarútvegi kvótakreppa, í landbúnaði markaðskreppa og í orkuiðnaði pólitísk bannkreppa. Það sem menn eru helst að vonast eftir eru framkvæmdir í mannvirkjagerð, en það eru sterk takmörk fyrir hvað Íslendingar geta lifað góðu lífi af að byggja yfir sjálfa sig. Hér þarf gjaldeyrisskapandi iðnað til að rétta af gengið, borga skuldir og auka velmegun. Ákvörðunin að banna vatnsafl keyrir landið niður í stöðnun. Ofvirkjun á jarðhita kemur ekki í staðinn fyrir vatnsafl.

Hvað á þessi kjánaskapur að ganga langt?

Andvirkjunarstefnan á ekkert skylt við náttúruvernd, þetta er pólitísk andstaða við áliðnaðinn, baráttuaðferð sem gripið var til þegar ljóst var að allar sögur um mengunarhættuna af álverunum voru stórlega ýktar. Andvirkjunarstefnan siglir því undir fölsku flaggi náttúruverndar. Framleitt hefur verið heilt safn af slagorðum sem sýna eiga náttúruspjöll af virkjunum. Þekktast þeirra er „umhverfisáhrif“ og svo hið enn sterkara „óafturkræf umhverfisáhrif“ sem á að vera afgerandi ástæða til að segja nei. Auðvitað verður landið fyrir áhrifum af virkjunum, en í flestum tilfellum eru þau jákvæð eins og þeir sem ferðast um Langadal hafa sannreynt, en sá dalur er að gróa upp á fljúgandi ferð og Blanda orðin að einni bestu laxveiðiá landsins, allt vegna Blönduvirkjunar. Í öllum þessum andvirkjunaráróðri eru aldrei tekin nein dæmi um náttúruspjöll af virkjunum sem búið er að byggja, enda eru þau nánast ekki til. Þvert á móti, virkjanir hemja eyðingarmátt straumvatna, stuðla að uppgræðslu lands og laða að ferðamenn. Og það er ekki meiri eftirsjá að botninum á Hálslóni en að botninum á Þingvallavatni og Mývatni. Hve lengi á þessi kjánaskapur að halda áfram, að láta pólitíska mótmælendur stöðva heilan atvinnuveg án þess að hafa eitt einasta dæmi máli sínu til stuðnings?



# Tvísýnir tímar

Efnahagsmál

Þröstur Ólafsson
hagfræðingur



Á umrótatímum hafa þjóðir tilhneigingu til að skreppa inn í sig og loka sig af. Þær bera kvíðboga fyrir slæmum tíðindum og áföllum, sem ríða yfir umhverfi þeirra, og bregðast oft við á kunnuglegan hátt. Sökudólgar eru búnir til sem vega að velferð þeirra og frelsi. Oft eru þessir misindismenn í gervi útlendinga.

„Umsátur“ óvinveittra útlendinga er gamalgróin útþvæld klisja, sem dregin er upp úr dótakistu þeirra, sem beina vilja sjónum þjóðar í vanda frá eigin mistökum. Það er ljótur leikur. Vondur málstaður þarf á óvinum að halda og séu þeir ekki í sjónmáli, verður að búa þá til. Þá er sáð í frjóan akur fordóma og þekkingarleysis, því hræðslan nærist á hleypidómum. Það bregst ekki.

Á Íslandi, en einnig meðal ýmissa annarra þjóða Evrópu, verður nú vart endurnýjaðs þjóðskrums og einangrunarhyggju, með tilheyrandi umsátursórum. Það hefði þó mátt halda að þeir faraldrar hefðu skilið eftir sig nægileg svöðusár á síðustu öld, til að bið yrði á að menn færu að leika sér fljótlega með þann banvæna eld. Þau sár eru sum ógróin enn. Smánarlegir fordómar gegn útlendingum eru of víða áberandi. Ein af mörgum háskalegum afleiðingum þjóðrembings og eigin upphafningar er einangrun, fásinni.

Við Íslendingar verðum nú fyrir henni í vaxandi mæli. Á meginlandi Evrópu tengist „útlendingaumsátrið“ meira skuldavanda í þeim löndum sem lifað höfðu glæst á lánum frá öðrum og vilja ekki greiða þau til baka eða neita að taka til heima hjá sér. Við borgum ekki, er að verða háværasta slagorð þeirra Evrópuþjóða, sem lifa vilja áfram á peningum annarra. Grikki nokkur orðaði það þannig við þýskan blaðamann, að þýskir ættu að hætta þessum aðhaldskröfum og borga Grikkjum fyrir að vera vagga lýðræðisins. Þjóðum skilvísra landa er eðlilega ekki skemmt við svona hjal, ekki hvað síst þegar sameiginlegur gjaldmiðill þeirra er sagður í óvissu vegna ógnvænlegrar skuldastöðu óreiðuríkja, sem kunni að leiða til ófarnaðar fyrir alla.

### Evrusvæðið var fyrirburður

Vandi Evrópu kann að virðast sameiginlegur gjaldmiðill, sem búinn var til meira af pólitískum vilja en skynsemi, studdri hagfræðilegum rökum. Frakkar kröfðust þess í aðdraganda sameiningar þýsku ríkjanna að þýska markið yrði lagt niður, því þeir óttuðust forræði Þjóðverja með sitt sterka

> Það má segja að ekki sé ósvipað ástatt fyrir Evrópuþjóðunum yst í norðri og lengst í suðri, Íslendingum og Grikkjum. Báðar lifa þær af og í glæstri fortíð.

mark. Þjóðverjar samþykktu síðan aðild bæði Ítala og Grikkja að myntbandalaginu, þótt allar greinargerðir og úttektir sýndu að þessar þjóðir voru ekki tækar í myndbandalag. Draumórar Kohls kanslara um sameinaða Evrópu vógu þyngra en tölulegir útreikningar og efnahagsleg greining. Það gera draumórar og fordómar oftast.

Þá vaknar eðlilega sú spurning, hvort ekki hefði verið betur heima setið en af stað farið. Eftir á að hyggja hneigjast margir til að svara þessari spurningu játandi. Henni verður þó ekki svarað af neinni vissu, því ekki er hægt að raunskoða aðra kosti, sem buðust á þeim tíma. Það hefði sennilega ekkert síður kallað á heimavanda óreiðuríkja og skerðingu lífskjara þar. Vandinn hefði hins vegar að líkum takmarkast meira við einstök lönd en svæðið allt. Evran var óhjákvæmileg afleiðing þeirrar nánu efnahaglegu samtvinnunar sem sameiginlegur evrópskur markaður hafði leitt af sér. Evrusvæðið, í núverandi mynd, var hins vegar fyrirburður á sínum tíma. Flest ríki á Miðjarðarhafssvæðinu hefðu þurft áratugi til að byggja efnahag sinn upp og styrkja samkeppnishæfni sína, áður en til þátttöku í myntbandalagi kæmi.

### Tvær þjóðir

Það má segja að ekki sé ósvipað ástatt fyrir Evrópuþjóðunum yst í norðri og lengst í suðri, Íslendingum og Grikkjum. Báðar lifa þær af og í glæstri fortíð. Báðar telja þær sig eiga höfundarrétt á lýðræði og þingræði. Báðar eiga þær erfitt með að fóta sig í fjölþjóðlegu samfélagi, þar sem ábyrgð þjóðríkja og ákvörðunarréttur þeirra hefur umbreyst á róttækan hátt, hvort heldur þær standa innan eða utan ESB. Hvorug þeirra rekst vel í samfélagi þjóðanna. Framangreindar vangaveltur leiða okkur til þeirrar niðurstöðu, að auðvelt sé litlum þjóðum að missa fótanna í nýjum, umbreyttum,hnattvæddum heimi. Þær taka ekki einu sinni eftir því, fyrr en um seinan. Hnattvæðingin leysir upp öll viðskiptaleg landamæri. Peningar streyma inn og út þar sem ávöxtunar er von og skilja eftir sig skuldbindingar þeirra sem við þeim taka. Bæði Grikkland og Ísland fylltust af fjármagni, sem var mun meira en þau réðu við. Menn héldu ekki vöku sinni og fannst eins og lífið væri dans á peningum, sem aldrei þrytu. Báðar þjóðirnar notuðu peningana til að auðga fáa einstaklinga, en einnig til að lifa kostulega um efni fram, byggja og framkvæma fyrir lánsfé sem vita mátti að ekki yrði hægt að greiða til baka. Báðar sitja nú í súpunni. Grikkir eru þó ekki einir á báti. Þeir hafa notið, og njóta enn, þeirrar samstöðu meðal sjálfstæðra ríkja, sem er rauður þráður ESB samstarfsins. Meirihluti Grikkja virðist því bæði vilja halda dauðahaldi í ESB og evruna, þótt þeir neiti að borga eigin skuldir. Hvað það snertir, eiga þeir trygga samherja hér í norðri. Við erum hins vegar ein á báti með skaðræðis gjaldmiðil og tortryggni meðal gamalla vinaþjóða, sem lítt skilja þau pólitísku skilaboð sem héðan koma. Lái þeim hver sem er. Þjóðin á enn langt í land með að átta sig á þeirri stöðu sem hún er komin í. Hún þarf lengri tíma. Flýtum okkur hægt.

# Ný viðhorf á fjarskiptamarkaði

Fjarskipti

Sævar Freyr Þráinsson
forstjóri Símans



Síminn fagnar umræðu um fjarskiptamarkaðinn vegna þess að hún snertir þjóðarhag. Almennur skilningur á hraðri þróun fjarskipta er mikilvægur fyrir ákvarðanir á þessu sviði. Það er rétt hjá ritstjóra Fréttablaðsins að gamla ímyndin, sem enn loðir við, um Símann sem ráðandi risa á markaðnum, á ekki lengur við. Staðan er gjörbreytt frá því sem var fyrir 5 – 10 árum. Og hrakspár um slæmar afleiðingar frelsis á fjarskiptamarkaði innan ramma opinbers eftirlits hafa ekki gengið eftir. Síminn hefur raunar lengi metið það svo að samkeppnin væri mun meiri en haldið hefur verið fram og að markaðshlutdeild ein og sér sé ekki fullnægjandi mælikvarði á innbyrðis stöðu fyrirtækja á markaðnum, eins og komið hefur á daginn.

Meira jafnvægi milli keppinauta, blómleg samkeppni og hröð tækniþróun eru vissulega einkenni á stöðunni í dag. Það sem vantar inn í myndina er sú staðreynd að fjarskiptamarkaðurinn í heild sinni á Íslandi hefur ekki verið að vaxa. Þvert á móti er það svo að markaðurinn hefur dregist saman um rúm 18% frá árinu 2007 til ársins 2011 sé leiðrétt fyrir verðlagsbreytingum. Þetta kann að koma ýmsum á óvart vegna þess að athyglin er mest á ýmis konar tæknibreytingum og framförum í fjarskiptaþjónustu. Tekjusamdrátturinn á sér margar orsakir en hann er bagalegastur fyrir þær sakir að fjárfestingarþörfin í fjarskiptageiranum er mikil. Það er gríðarlega þýðingarmikið að henni sé sinnt eigi Íslendingar að halda góðri samkeppnisstöðu í háhraðanettengingu, flutningsgetu og verðlagningu.

> Það sem fjarskiptamarkaðurinn þarf á að halda er að lagðar séu línur um æskilega samkeppnishegðun og sett upp framtíðarmarkmið.

### Frelsi til samkeppni

Samkeppniseftirlit af hálfu samkeppnisyfirvalda og Póst- og fjarskiptastofnunar hefur verið mjög virkt samkvæmt fjarskiptalögum og samkeppnislögum frá því einokun var aflétt og frelsi í fjarskiptum innleitt 1998. Meginhlutverkið var að koma á aðgangi að fjarskiptanetum Símans fyrir nýja aðila. Víðtækar aðgangskvaðir, gagnsæi, jafnræði, bókhaldslegur aðskilnaður, kostnaðarbókhald og eftirlit með gjaldskrá hafa verið verkfærin í þessari viðleitni.

Síminn kvartar ekki yfir þessu aðhaldi enda um að ræða almennar aðgerðir gagnvart fyrrverandi ríkisfyrirtækjum sem hafa verið svipaðs eðlis um alla Evrópu. Á hinn bóginn er það svo að þegar virk samkeppni hefur skotið rótum er eðlilegt að takmörkunum á frelsi til þess að mæta samkeppni sé aflétt. Sérstakar ráðstafanir samkeppnisyfirvalda og eftirlitsaðila til þess að auðvelda aðkomu og vöxt smærri fyrirtækja að mörkuðum sem áður voru undir einokunarstarfsemi eru í eðli sínu tímabundnar. Þeim hlýtur að ljúka þegar skilyrði hafa skapast fyrir varanlega samkeppni. Það er kominn tími til að Síminn fái að takast á við samkeppnisaðila sína á jafnréttisgrundvelli.

Fjarskiptamarkaði er í raun skipt upp í nokkra sjálfstæða markaði samkvæmt Evrópustöðlum. Til að mynda farsímamarkað, talsímamarkað, internetmarkað o.s.frv. Líta ber á hvern markað sérstaklega þegar rætt er um samkeppni, en hér á landi er ýmist litið á heildarstyrkleika á fjarskiptamarkaði eða á einstökum markaði. Það fer gegn viðurkenndum leikreglum. Í ljósi hraðrar þróunar er eðlilegt að gera kröfu til þess að eftirlitsaðilar styðjist við reglulegar markaðsgreiningar og fylgist náið með því hvað taldar séu bestu aðferðir og kerfi í starfsemi fjarskiptafyrirtækja á alþjóðavettvangi. Áætlaður hæfilegur líftími markaðsgreininga á þessu sviði er ca. 2-3 ár. Það vantar talsvert á að slíku verklagi sé fylgt á Íslandi, sem í versta falli leiðir til rangra ályktana.

### Framtíðarmarkmið

Almennt má segja að of mikið sé horft aftur í tímann og of lítið til framtíðar. Það sem fjarskiptamarkaðurinn þarf á að halda er að lagðar séu línur um æskilega samkeppnishegðun og sett upp framtíðarmarkmið. Síminn hefur komið sér upp samkeppnisréttaráætlun og vinnur markvisst að því að mennta starfsfólk sitt í samkeppnismálum. Mikill fengur væri í því ef samkeppnisyfirvöld gerðu meira af því að veita leiðbeiningar til fyrirtækja í stað þess að fordæma einungis háttsemi eftir á en víkja sér undan beiðni um leiðbeiningar fyrirfram.

Framundan er mikil breyting i fjarskiptaheiminum. Talbundin starfsemi, sem hefur verið helsta tekjuuppspretta fjarskiptafyrirtækja, er að gefa eftir fyrir gagnaflutningi og bandbreiddarþörfin er að vaxa hröðum skrefum. Íslensk fjarskiptafyrirtæki miða starfsemi sína nú alfarið við innanlandsmarkað, en á sama tíma er samkeppni að aukast erlendis frá, sérstaklega frá fyrirtækjum eins og Microsoft, Apple og Google, sem eru í vaxandi mæli að bjóða upp á internetþjónustu, talsíma- og sjónvarpsþjónustu á Íslandi. Slík samkeppni skapar neytendum og fyrirtækjum tækifæri, en er um leið ýmsum vandkvæðum bundin, varðandi til dæmis skattgreiðslur til íslenska ríkisins og greiðslur til rétthafa á efni sem dreift er eftir þessum leiðum. Og hún getur dregið úr tekjumöguleikum fjarskiptafyrirtækja sem standa frammi fyrir mikilli fjárfestingarþörf í kerfum sem internetfyrirtækin nota til starfsemi sinnar.

Síminn mun halda áfram fjárfestingum í Ljósneti og farsímakerfum, 3 G og 4 G, og tryggja það að Ísland verði áfram í fremstu röð í bandbreiðum fjarskiptum og háhraðanettengingum í heiminum. Enda þótt fjárhagsstaða Skipta, móðurfélags Símans, sé erfið, þá er metnaður samstæðunnar mikill til þess að halda uppi alhliða fjarskiptaþjónustu á öllu landinu. Nauðsynlegt er að umhverfi fjarskiptamarkaðarins sé þannig að hvati til fjárfestinga sé fyrir hendi og þær hafi möguleika til þess að bæta þjóðarhag og skila eigendum arði. Rannsóknir sýna að fjárfestingar í fjarskiptum auka hagsæld og hagvöxt og eru taldar vera með arðsömustu langtímafjárfestingum sem völ er á. Allir þurfa að sameinast um að markmið fjarskiptaáætlunar ríkisins náist og átta sig á því að fjarskipti eru í eðli sínu umhverfisvæn og stuðla að hagsæld. Þannig er það til dæmis viðtekið að 1% aukning í breiðbandsuppbyggingu eykur þjóðarframleiðslu um 0.1%.

Umræða um fjarskiptamarkaðinn er af hinu góða og þar eiga framtíðarmarkmiðin að vera í fyrirrúmi.

# Skóli fyrir 5 ára börn

Menntamál

Sölvi Sveinsson
skólastjóri



Í leiðara Fréttablaðsins 6. júní síðastliðinn var fjallað um sveigjanleg skil milli skólastiga og því fagnað að í Flataskóla í Garðabæ yrði boðið upp á nám fyrir 5 ára börn, en tilraunin er liður í samrekstri leik- og grunnskóla. Nú er það svo að nær öll börn frá eins til tveggja ára aldri eru í leikskóla sem vinnur eftir skilgreindri námskrá. Nokkrir einkaskólar á grunnskólastigi hafa hins vegar boðið upp á 5 ára deildir, Ísaksskóli, Hjallastefnan og Landakotsskóli, en sá sem þetta ritar stýrir þeim síðasttalda.

5 ára deildin í Landakotsskóla fer eftir sérstakri námskrá. Síðastliðinn vetur voru þar 18 börn með tvo kennara. Áhersla er lögð á móðurmál og lestur, börnin byrja að reikna og þau læra frönsku og ensku. Árangur er marktækur. Mörg börnin verða stautfær, jafnvel læs, þau geta dregið til stafs að vori, eitt og annað geta þau reiknað og þau hafa umtalsverða færni í enskum og frönskum framburði og þau eru næm fyrir blæbrigðum hljóðanna. Kennslan fer fram með margvíslegum aðferðum, gegnum leik, söng, með brúðum o.fl. Allt segir þetta okkur að mörg börn geta tekist á við grunnskólanám fyrr en aldur þeirra segir til um. Hið sama á við hinn endann á grunnskólanum. Margir unglingar hafa burði til að takast á við námsefni framhaldsskóla; hér eru t.d. kenndir valáfangar í stærðfræði á framhaldsskólastigi. Sjálfsagt er að tengja þessi skólastig saman með skýrari hætti en gert hefur verið um sinn, en illu heilli var fjarnám grunnskólanema við framhaldsskóla skorið niður í kjölfar hrunsins.

LYFJA
– Lifið heil
+20% afsláttur
Lactocare daily
kemur jafnvægi á þarmaflóruna.
Lactocare travel
er talið fyrirbyggja meltingaróþægindi á ferðalögum.



www.lyfja.is
Lægra verð í Lyfju
Gildir til 30. júní
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 60001 6/12

# Íslenskar orkulindir – lauslegt stöðumat

Orkumál

Svavar Jónatansson
verkfræðingur



Óumdeilanlegt er að hinar umhverfisvænu, íslensku orkulindir, vatnsafl og jarðhiti, munu áfram skapa íslenskri þjóð veruleg verðmæti, ef hún ber gæfu til að nýta sér þær til aukinna hagsbóta. Vatnsaflið er í reynd varanlegt og jafnvel óþrjótandi í þeim skilningi að meðan úrkoma fellur á landið í þeim mæli sem verið hefur síðustu aldirnar munu árnar flytja hana til sjávar og á leiðinni knýja aflstöðvarnar með því afli sem rennslið og fallið í ánum skapar.

Um jarðhitaorkuna gildir hins vegar að takmörk eru fyrir því hve mikið má taka úr jarðhitageyminum án þess að draga úr orkuframleiðslunni. Sé þess gætt að ganga ekki of mikið á orkumagn geymisins er auðvelt að tryggja jafna orkuvinnslu til lengri tíma. Orkulindirnar eru því í eðli sínu endurnýjanlegar og varanlegar. Ástæðulaust er því að fara sér hægt í byggingu orkuvera af þeirri ástæðu að orkulindirnar þrjóti. Augljóst er hins vegar að orkuver verða ekki byggð nema markaður sé fyrir hendi og að orkuverð sé ásættanlegt, en svo mun væntanlega verða um nánustu framtíð vegna fyrirsjáanlegs orkuskorts á heimsvísu.

Vönduð vinna hefur verið lögð í að skilgreina orkukosti landsins í Rammaáætlun. Niðurstöður áætlunarinnar gefa sterklega til kynna að hagkvæmt verði að nýta marga ónýtta orkukosti þjóðinni til hagsældar um ókomin ár. En samstöðu skortir um skynsamlega orkunýtingarstefnu. Tillaga hefur verið gerð um flokkun virkjanakosta í nýtingar-, bið- og verndunarflokka, en um þá tillögu er ekki víðtæk samstaða. Flokkun er umdeild, en ráð er fyrir því gert að hún verði endurskoðuð reglulega. Mikilvægt er augljóslega að þjóðarsamstaða náist og væri æskilegt að þjóðin tæki þátt í stefnumótun fyrir framtíðarnýtingu orkulindanna. Láti ekki stjórnmálamönnum og hagsmunahópum það einum eftir. En til þess að þjóðin geti tekið málefnalega afstöðu í þessu máli þarf að upplýsa hana um kosti og galla orkunýtingarinnar.

Óumdeilanlegt er einnig að orkulindir Íslands eru, ásamt fiskinum í sjónum og mannauðnum, mikilvægustu auðlindir þjóðarinnar. Með skynsamlegri nýtingu orkulindanna mun velsæld í landinu vafalítið aukast umtalsvert, en án aukinnar orkunýtingar er líklegt að dragi úr efnahagslegri þróun.

Skynsamlegt væri því að Íslendingar kynntu sér þróun orkumála í Evrópu, þar sem stór hluti orkuframleiðslu byggir enn á mengandi jarðefnaeldsneyti og kjarnorku. Mikil áhersla er því lögð á að auka hlut hreinnar orku og draga eftir föngum úr notkun mengandi orkugjafa og í reynd er ekkert til sparað. Fyrir hreina orku greiða Evrópubúar verulega hærra orkuverð en fyrir jarðefnaorku. Miklir möguleikar eru því þarna fyrir þá sem framleitt geta hreina orku, eins og t.d. Norðmenn og Íslendinga.

Norðmenn hafa þegar gert sér grein fyrir að gífurlegir hagsmunir felast í því að tengjast evrópska orkunetinu í þeim tilgangi að selja þar hreina vatnsorku frá orkuverum sínum. Þeir hafa þegar lagt 700 MW sækapal frá Noregi til Hollands, sem gefur þeim miklar tekjur. Þeir vinna einnig markvisst að því að endurbæta virkjanir sínar og byggja dæluvirkjanir sem nýta næturrafmagn til að dæla vatni upp í miðlanir í þeim tilgangi að framleiða rafmagn að degi til sem þeir selja svo inn á orkunet Evrópu á mjög háu verði þegar þörfin þar er í hámarki.

Full ástæða er því fyrir Íslendinga að fylgjast með því sem Norðmenn eru að gera og feta í fótspor þeirra þegar okkur best hentar. Þessi möguleiki er talinn raunhæfur í dag og verður næstu áratugina. Rétt er því fyrir okkur að skoða þennan möguleika vandlega og grípa tækifærið þegar og meðan það gefst. Geta má þess að Landsvirkjun metur tengingu orkukerfis Íslands við orkukerfi Evrópu sem líklega einstakt viðskiptatækifæri. Verulegar líkur eru því á að þessi orkunýting/sala geti orðið ein af stoðum efnahagslífs Íslands í náinni framtíð. Forsenda hagstæðrar orkusölu af þessu tagi er að þjóðarsamstaða náist um nýtingu orkulindanna, en í því máli virðist þjóðin klofin. Hluti hennar virðist eindregið þeirrar skoðunar að nýta beri a.m.k. nokkurn hluta þeirra orkukosta sem skilgreindir eru í Rammaáætlun. Annar hópur vill lágmarka virkjunarframkvæmdir, þannig að sem minnst verði hróflað við náttúrunni. Þetta virðast ósættanleg sjónarmið. Því verður þó ekki trúað að ekki náist ásættanlegt samkomulag þegar menn bera saman hina miklu þjóðhagslegu hagsmuni og umhverfisleg áhrif virkjanaframkvæmda.

> Norðmenn hafa þegar gert sér grein fyrir að gífurlegir hagsmunir felast í því að tengjast evrópska orkunetinu í þeim tilgangi að selja þar hreina vatnsorku frá orkuverum sínum.

Mikið er hér í húfi, því verðmæti þau sem felast í skynsamlegri nýtingu orkulindanna eru forsenda uppbyggingar efnahagslífsins. Þá kröfu verður því að gera til viðkomandi stjórnvalds/stjórnvalda að þjóðin verði upplýst og fái að segja álit sitt áður en óafturkræfar ákvarðanir verða teknar í orkumálum.





## Óverðtryggt eða verðtryggt?

**Íslandsbanki og VÍB bjóða til opins fundar í Norðurljósasal Hörpu, fimmtudaginn 14. júní, kl. 11.45-13.00.**

Kynnt verður ný þjóðhagsspá Greiningar Íslandsbanka auk þess sem sérfræðingar Íslandsbanka og VÍB fjalla um áhrif óverðtryggðra og verðtryggðra vaxta á húsnæðislán og sparnað landsmanna.

Að loknum framsögum verða pallborðsumræður.

Fundarstjóri: **Hildur Kristmundsdóttir, útibússtjóri hjá Íslandsbanka**

**Boðið verður upp á léttan hádegisverð.**

**Fundurinn verður í beinni útsendingu á www.islandsbanki.is og www.vib.is.**

Skráning fer fram á vef Íslandsbanka, www.islandsbanki.is.
Opið er fyrir skráningu á meðan húsrúm leyfir.

Dagskrá:

1. **Vöxtur í viðjum hafta** – Ný þjóðhagsspá Greiningar Íslandsbanka. Hvernig munu vextir, verðbólga og hagvöxtur þróast næstu árin? Hvað með gengi krónunnar, kaupmátt launa og húsnæðisverð? Hvernig þróast fjárhagsleg staða fyrirtækja og heimila?
**Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka**
2. **Húsnæðislán, hvað stendur til boða?** – Á ég að taka verðtryggt eða óverðtryggt lán? Er hægt að minnka sveiflur í greiðslubyrði óverðtryggðra lána?
**Jón Finnbogason, aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka**
3. **Tekur því að spara óverðtryggt?** – Ávöxtun fjármuna í verðbólgu.
**Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB**



Ingólfur Bender Björn Berg Gunnarsson Hildur Kristmundsdóttir Jón Finnbogason

ENNEMM / SÍA / NM52979

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

vib Íslandsbanki

# Kvennahlaupið og ófrjósemi fortíðar

Íþróttir



Karen Kjartansdóttir
fréttakona á Stöð 2 og hlaupari



Elísabet Margeirsdóttir
fréttakona á Stöð 2 og hlaupari

Leg kvenna átti að ganga úr lagi við hlaup og fætur þeirra að afmyndast. Þeim var líkamlega ómögulegt að hlaupa maraþon og keppni kvenna í 800 metra hlaupi á Ólympíuleikunum í Amsterdam 1928 hafði sýnt, svo ekki varð um villst, að konur höfðu ekki líkamlega burði til að keppa í meira en 200 metra hlaupi. Um þetta skrifuðu lærðir menn og læknar lýstu því yfir í virðulegum blöðum að meira álag þyldu konur bara ekki. Sumir keppendanna í 800 metra hlaupinu voru nefnilega svo örmagna eftir hlaupið að skömm var að en ekki til marks um einurð og hörku sem þó voru orð sem notuð voru þegar karlkyns keppendur komu örþreyttir í mark. Það var ekki fyrr en 32 árum síðar, eða á Ólympíuleikunum í Róm árið 1960 að konur fengu aftur að reyna fyrir sér í 800 metra hlaupi.

Þegar Kathrine Switzer læddi sér inn í Boston-maraþonið árið 1967 máttu konur ekki hlaupa maraþon. Þegar hlaupstjórinn varð hennar var hljóp hann á eftir henni öskrandi að hún ætti að drulla sér úr hlaupinu og skila keppnisnúmerinu, konur mættu ekki vera með. Kathrine hlýddi honum ekki og með hjálp annarra keppanda tókst henni að ljúka því. Mótshaldarar vildu þó þrjóskast við, neituðu að færa hlaup hennar til bókar og vildu herða reglur sem útilokuðu konur frá keppni í langhlaupum. En boltinn var farin að rúlla og konur farnar að hlaupa og næstu árin hlupu æ fleiri konur í maraþonhlaupum þótt þær hefðu ekki til þess leyfi. Eftir hlaupið ákvað Kathrine að helga sig baráttunni fyrir jöfnum tækifærum karla og kvenna í íþróttum. Svo fór að kvennabanninu var aflétt í Boston-maraþoninu árið 1972 og á Ólympíuleikunum í Los Angeles árið 1984 fengu konur fyrst að keppa í maraþoni.

Komið hefur í ljós að frammistaða kynjanna er jöfnust í lengstu þolgreinum. Ekki er vitað til þess að hlaup hafi gert nokkra konu ófrjóa eða að leg nokkurrar þeirrar hafi gengið úr lagi við hlaupin. Reyndar hljóp kona í Chicago-maraþoninu í fyrra þótt hún væri gengin fulla meðgöngu og sjö klukkustundum síðar ól hún heilbrigða dóttur.

Hreyfing, ekki síst hlaup, dregur úr kvíða, hættu á því að fá beinþynningu, ýmsum tegundum krabbameina og lífsstílssjúkdóma. Hlaup styrkja líkamann og auka sjálfsálit fólks. Ef fólki líður ekki vel í eigin skinni er erfitt fyrir það að njóta þess til fulls að vera til. Líði fólki hins vegar vel í eigin skinni á það auðveldara með að takast á við annir hversdagsins og njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða.

Okkur þykir vert að rifja upp þessa sögu þegar styttist í næsta Kvennahlaup ÍSÍ. Fyrsta Kvennahlaupið var haldið 30. júní árið 1990. Hlaupin eru tilvalin leið til að taka fyrstu skrefin í átt til heilbrigðari lifnaðarhátta og minna sig á mikilvægi þess að halda sér í góðu formi – í því felst mikið frelsi. Hlaupið er ekki síður mikilvæg áminning um að frelsi fæst ekki gefins heldur þarf átak til og hugrekki til að ganga gegn fyrirfram gefnum hugmyndum samfélagsins. Konur mega og geta hlaupið. Áðurnefnd Kathrine Switzer hefur notað hlaup sem samlíkingu um kvennabaráttu almennt.

Í bókinni The Spirit of Marathon eftir Gail Waesche Kislevitz, sem kom út árið 2002, hvetur hún konur áfram. Gísli Ásgeirsson þýðandi hefur íslenskað hluta af frásögn hennar svona: „Lánið hefur leikið við mig í lífinu. Foreldrar mínir og Arnie sögðu mér að ég gæti gert allt sem ég vildi. Ég lét mér aldrei nægja að leika mér bara með dúkkur eða vera bara klappstýra. Vissulega lék ég mér með dúkkur og gekk í kjólum en ég klifraði líka í trjám og var kappsfull í íþróttum. Eftir ævintýrið í Boston skildi ég að margar konur í heiminum alast upp án þessa stuðnings og án þess að vita að þeim eru engin takmörk sett. Ég vildi ná til þessara kvenna og gera eitthvað til að breyta lífi þeirra. Það eina sem þarf er að þora að trúa á sig og taka eitt skref í einu.“

> Hreyfing, ekki síst hlaup, dregur úr kvíða, hættu á því að fá beinþynningu, ýmsum tegundum krabbameina og lífsstílssjúkdóma. Hlaup styrkja líkamann og auka sjálfsálit fólks.

# Reykvíkingar vitið þið?

Stjórnmál



Eggert Teitsson
íbúi og foreldri í Reykjavík

Á liðnum misserum hefur verið við stjórn í Reykjavík meirihluti sem ástæða er til að fjalla um og jafnframt líta á verk hans. Ég hef í gegnum tíðina fremur lítið fylgst með borgarmálum, þrátt fyrir að hafa búið í Reykjavík síðustu sextán árin. Það er líklega vegna þess að mér hefur fundist að þjónustan sé ásættanleg og, með örfáum undantekningum, verið sæmilega sáttur við það sem útsvarsgreiðslurnar hafa farið í. Með þessum hætti hefur þetta verið þrátt fyrir að hinir ýmsu stjórnmálaflokkar hafi verið við völd á þessum árum. Áherslur hafa verið af ýmsum toga en enginn meirihluti hefur sýnt annað eins vanhæfi í sínum störfum og sá sem nú er við völd.

**Nokkur dæmi**

Í samstarfsyfirlýsingu Besta flokksins og Samfylkingar frá júní 2010 segir orðrétt undir kaflanum Lýðræði og þátttaka: „Samráð verði haft við íbúa og foreldra í skipulags-, umhverfis- og skólamálum, það gert markvissara og stutt við aðkomu þeirra að lykilákvörðunum.“ Það er gott og blessað og mjög göfugt en á árinu 2011 ákvað meirihluti borgarstjórnar gríðarlega umfangsmiklar breytingar á skólastarfi í borginni með sameiningum leikskóla, sameiningum grunnskóla og deilda innan grunnskólanna í algjörri andstöðu við vilja stórs hluta foreldra í borginni. Þrátt fyrir ítrekuð mótmæli og góð mótrök fagaðila, foreldra og annarra hagsmunaaðila hafa breytingarnar verið keyrðar í gegn af valdníðslu og vanvirðingu við vilja íbúa borgarinnar. Faglegum og fjárhagslegum rökum hefur verið beitt eftir hentugleika en fyrst og fremst er niðurstaðan sú að íbúalýðræðið hefur verið gjaldfellt, þvert á það sem flokkarnir hafa stært sig af á liðnum árum.

Á sama tíma og verulega hefur verið skorið niður í grunnþjónustu Reykjavíkur, bæði hvað varðar þjónustuna sjálfa og fjárframlög til hennar, hafa framlög til ýmissa annarra verkefna aukist verulega og ný verkefni hafa bæst við. Að sama skapi hafa skattar og þjónustugjöld borgarinnar hækkað. Niðurskurður hefur verið í sorpmálum, (bæði hverfisstöðvar og hirðing), unglingavinnu, gatna- og samgöngumálum, umhirðu opinna svæða og almennt viðhald er minna en áður var. Fjárframlög til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur hafa hækkað um 9,6% frá árinu 2010 á meðan fjárframlög til menningar- og ferðamálasviðs hafa hækkað um 18,6%. Þetta sýnir kolranga forgangsröðun á erfiðum tímum og staðfestir vanhæfi núverandi meirihluta við stjórn borgarinnar.

Vitað er að ytri aðstæður í þjóðfélaginu eru erfiðar og skilningur er fyrir hendi á að í mörgum þáttum rekstrar Reykjavíkurborgar þarf að draga saman. Það ætti að endurspeglast í starfsmannafjölda hjá borginni og ekki síst að birtast í fjölda stöðugilda í Ráðhúsinu sjálfu, aðhaldið ætti að byrja að ofan. En sú er ekki raunin. Á skrifstofum borgarinnar í Ráðhúsinu hefur starfsmönnum fjölgað um 7% auk þess sem yfirvinna og akstur starfsmanna þar eykst verulega milli ára skv. ársreikningi borgarinnar fyrir árið 2011. Þetta er enn eitt dæmið sem sýnir að núverandi meirihluti ræður engan veginn við hið mikla verkefni sem er að ná niður kostnaði í erfiðu umhverfi.

**Rekinn.is**

Við svo búið verður ekki unað – það er kominn tími til að gera eitthvað í málunum og reyna að koma rödd sinni þannig á framfæri að á hana sé hlustað. Því hefur hópur íbúa í Reykjavík opnað vefsíðuna www.rekinn.is þar sem öllum kosningabærum íbúum borgarinnar gefst kostur á að koma skoðunum sínum á framfæri og skora á borgarstjóra ásamt meirihluta borgarstjórnar að segja af sér. Nokkrar ástæður hafa verið raktar hér að framan en í stuttu máli má segja að meirihluti borgarstjórnar hafi sýnt með verkum sínum að hann er vanhæfur til að takast á við það erfiða verkefni að reka höfuðborgina við núverandi aðstæður. Reykvíkingar góður – sýndu í verki vanþóknun þína á stjórn borgarinnar með því að skrá nafn þitt á vefsíðuna www.rekinn.is og komum borgarstjórnarmeirihlutanum frá völdum áður en það verður of seint!

# Skynsamleg leið við kvótaúthlutun

Sjávarútvegsmál



Þráinn Guðbjörnsson
verkfræðingur

Þessa dagana er mikið rifist um hvernig halda eigi á spöðunum við fyrirkomulag fiskveiða á Íslandi. Íslendingar hafa svo sannarlega náð miklum árangri í stjórnun fiskveiða í gegnum tíðina, bæði hvað varðar vernd gegn ofveiði og arðsemi.

Einn helsti galli kerfisins, að margra mati, er það að arður greinarinnar hefur endað í vösum fárra. Í seinni tíð hafa þær raddir gerst háværari sem fullyrða að fiskurinn í sjónum sé auðlind í eigu allra landsmanna. Um það, er að ég held, lýðræðislegur meirihluti landsmanna sammála.

Í takt við þá staðreynd hefur núverandi ríkisstjórn sett fram breytingar á lögum um fiskveiðar svo að landsmenn fái að njóta arðsemi auðlindarinnar. Aðferðin sem þeir nota er að setja á veiðigjald sem er fundið út sem hlutfall af uppgefnum hagnaði. Ég fer ekki nánar út í þennan útreikning, nema hvað til að benda á að stjórnvöld verða að gefa sér forsendur sem eiga að endurspegla sanngjarna gjaldtöku gagnvart öllum hlutaðeigandi aðilum. Þetta er erfitt verk, ef ekki óyfirstíganlegt. Það minnir á hlutskipti gamla sovét þar sem stjórnvöld ákváðu öll verð.

Nú er til önnur leið. Hún er miklu einfaldari og losar stjórnvöld við þá áþján að setja verðmiða á allt. Ætli sé ekki best að kalla þessa lausn „Uppboðsmarkaður aflaheimilda“. Það yrði í öllu falli nafnið á apparatinu sem sjá myndi um þetta. Að ýmsum praktískum atriðum þarf að huga við útfærslu á slíku apparati.

1. Útgerðarfyrirtæki þurfa sæmilega stöðugar rekstrarforsendur og því væri ómögulegt að allur kvóti færi á uppboð einu sinni á ári. Nærri lagi væri að 1/5 færi á uppboð á ári hverju og því allur kvótinn á fimm ára tímabili. Þetta hlutfall er einfaldlega stillingaratriði þar sem markmiðið er að finna besta hlutfall stöðugleika gagnvart því hve virk verðmyndunin er.
2. Innan stéttarinnar er eðlismunur á útgerðaraðilum. Stærri útgerðir veiða meira og eru líkast til hagkvæmari þegar kemur að hreinni peningalegri framlegð. Smærri útgerðir eru frábrugðnar að mörgu leyti. Þær veiða oftast nær landi þ.a. fiskistofnarnir eru strangt til tekið ekki þeir sömu. Fjöldi starfa er fleiri á veidd tonn. Einnig hafa veiðarfæri smærri báta umtalsvert minni áhrif á lífsskilyrði fiskistofnanna. Vegna þessa væri eðlilegt að mynda aðskilda potta fyrir mismunandi aðila. Þarna þyrftu stjórnvöld að ákveða hvernig best væri að skipta á milli; annað stillingaratriði.
3. Byggðasjónarmið ber einnig að hafa í huga þar sem að íbúar sjávarplássa fái notið ávaxta síns nærumhverfis umfram aðra. Þetta býður upp á frekari skiptingu á heildarúthlutun.
4. Einnig skal hugað að vernd gegn fákeppni. Ástæðan er sú að til lengdar dregur fákeppni alltaf úr hagkvæmni markaðarins. Útfærslan gæti verið sú að sérstakt álag kæmi til þegar hlutfall einstakrar útgerðar af heildarpotti er komið yfir viss mörk. Stillingaratriði.

Ein höfuðkrafa sem gerð er til stjórnvalda í lýðræðisríkjum er krafan um sanngirni. Að verðleikar skapi manninum brautargengi í stað klíkuskapar og flokkadrátta. Að mínu viti þá tryggir fyrrgreindur uppboðsmarkaður sanngjarna skiptingu langt fram yfir veiðigjaldið.

Einnig má hugsa til þess hversu langlíft þetta gjaldtökufyrirkomulag verður. Nú benda kannanir til þess að sjálfstæðismenn komist að nýju til valda eftir næstu alþingiskosningar. Þeir verða ekki lengi að afskrifa alla þá vinnu sem unnin hefur verið af núverandi ráðuneyti. Ef hins vegar sett verður á kerfi sem endurspeglar það gangverk sem knúið hefur uppgang kapítalismans í gegnum tíðina, þá gera hugmyndafræðilegar forsendur það að verkum einar og sér, að ekki verður horft fram hjá kostum slíks fyrirkomulags í herbúðum hægrimanna.

Þetta væri jákvætt skref í átt að verðleikasamfélagi þar sem sambærilegir aðilar sitja við sama borð og frammistaða aðila ræður velgengni. Eigandi auðlindarinnar fær svo aftur til sín þann ágóða sem flotinn er tilbúinn að greiða. Gamla góða framboð og eftirspurn sem er jú hornsteinn framþróunar samfélags manna síðastliðin árhundruð.

# I save

Forsetaembættið



Arnþór Gunnarsson
sagnfræðingur

Sagan sýnir að pólitískur og efnahagslegur óstöðugleiki eða stjórnarbyltingar ala gjarnan af sér nýja öfluga pólitíska leiðtoga sem taka að sér að leiða þjóðir út úr aðsteðjandi vanda. Að vísu er upp og ofan hvort sú leiðsögn hefur reynst farsæl, því oftar en ekki hefur bjargvætturinn reynst vera loddari og lýðskrumari. Saga tuttugustu aldar geymir marga slíka.

Allt frá bankahruninu og búsáhaldabyltingunni hafa margir Íslendingar vænst þess að fram á sjónarsviðið kæmi einstaklingur með sterkan persónuleika, hyggjuvit og slíka pólitíska færni að hann gæti leitt þjóðina í gegnum þrengingarnar og áfram inn í uppbyggingarstarfið. Mörgum til mikillar furðu bólaði ekkert á slíkum einstaklingi en þeir hinir sömu hafa nú loksins áttað sig á því að hann er mættur og það fyrir löngu. Hann var nefnilega á sviðinu allan tímann. Hann var á pólitíska sviðinu, fyrst sem alþingismaður, síðan ráðherra og loks forseti. Og hann var í útrásarveislunum, ýmist sem boðsgestur eða þá að hann hélt þær sjálfur. Og hann var í fjölmiðlunum, bæði hérlendis og erlendis. Hann var mikilvirkur gerandi og hann er það ennþá.

**2.** ládeyða, **6.** kringum, **8.** jarðsprunga, **9.** flík, **11.** til, **12.** sannfæringar, **14.** dýrahljóð, **16.** hljóm, **17.** frostskemmd, **18.** strit, **20.** komast, **21.** ættarsetur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ryk, **3.** einnig, **4.** fúslega, **5.** miskunn, **7.** tilgangur, **10.** ferð, **13.** umfram, **15.** skarpur, **16.** hljóðfæri, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** logn, **6.** um, **8.** gjá, **9.** fat, **11.** að, **12.** trúar, **14.** krunk, **16.** óm, **17.** kal, **18.** bis, **20.** ná, **21.** óðal.
**LÓÐRÉTT: 1.** duft, **3.** og, **4.** gjarnan, **5.** náð, **7.** markmið, **10.** túr, **13.** auk, **15.** klár, **16.** óbó, **19.** sa.






# Appelsínugult naglalakk

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**



Forsetakosningarnar hafa ekki kveikt í mér einn einasta neista. Ég hef ekki kynnt mér stefnumál frambjóðenda af nokkru viti og gæti ekki nefnt þá alla með nafni í fljótu bragði. Erum við ekki líka að tala um sex eða sjö manns? Ég horfði á hvorugar kappræðurnar í sjónvarpinu, ætlaði mér það, reyndi, en hélt það ekki út. Man ekki einu sinni hvaða dag á að kjósa. Á erfitt með að blanda mér í umræður um embættisskyldur forsetans og orðið „neitunarvald“ slær mig alveg út af laginu.

**ÁHUGALEYSI** mitt get ég með engu útskýrt. Ég skammast mín hálfpartinn fyrir það og reyni að breiða yfir með yfirborðskenndu fjasi um frammistöðu frambjóðenda þegar þeir hafa tjáð sig einhvers staðar í fjölmiðlum. Ekkert af neinu viti þó. Fer ekki djúpt í saumana þar sem ég horfði yfirleitt ekki sjálf né heyrði. Þetta er auðvitað til háborinnar skammar. Allir þenkjandi Íslendingar hljóta að hafa skoðun á því hver situr á Bessastöðum ...

**ÉG** fæ þetta ekki útskýrt með valkvíða en þá tilfinningu upplifi ég gjarnan ef um margt er að velja og óljóst hvað af því komi mér best. Valkvíða fylgja nefnilega vangaveltur um hvern kost og ég reyni í örvæntingu að festa hönd á einhverju sem slær af allan vafa. Það á ekki við hér. Ég hef ekki einu sinni kynnt mér málin og skrolla hiklaust yfir þegar vinirnir deila einhverju um frambjóðendurna á Facebook.

**GÆTI** það verið tímsetningin? Að það sé kominn svo mikill sumarfiðringur í mig að ég hugsi ekki um annað en sumarfrí og lautarferðir, nesti og sólarvörn? Fletti auglýsingum um ódýrar flugferðir til útlanda og skoði sandala í búðargluggum og appelsínugult naglalakk? Hugsanlega. Sumarið er jú svo stutt, það væri synd að eyða því í einhver leiðindi.

**HUGSANLEGA** gæti áhugaleysið nefnilega stafað af leiða á leiðindum. Ég hreinlega þjáist svo illa af karpþreytu eða þrasþreytu að ég þoli ekki við. Nenni ekki að hlusta á fólk í framboði mæra sjálft sig, hvað þá að ata aðra frambjóðendur auri. Nenni ekki að lesa athugasemdir þeirra sem heitt er í hamsi á opinni línu, eða lesa blogg.

**EF** ég skána ekkert af þrasþreytunni þá látið þið mig vita hver vann. Ég verð að naglalakka á mér tærnar.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# PHILIPS EM TILBOÐ

## EM TILBOÐ Á VÖLDUM PHILIPS LED SJÓNVÖRPUM






400 Hz Perfect Motion Rate

Pixel Plus HD

Wi Fi CERTIFIED

DVB T2

Smart TV

**Philips 40PFL5507T**
- 40 3D" Smart LED sjónvarp
- Full HD Pixel Plus HD
- 2D-3D conversion (2D í 3D)
- 400Hz Perfect Motion
- 4 HDMI og 3 USB tengi
- Smart TV - þráðlaus netvafri
- Wi-Fi þráðlaus móttakari
- Skype möguleiki

**VERÐ 249.995**
FRÁBÆRT VERÐ

FÆST EINNIG Í 46"
Philips 46PFL5507T 299.995




Smart TV

**Philips 42PFL3507T**
- 42" Smart LED sjónvarp
- Full HD Digital Crystal Clear
- 100Hz Perfect Motion
- Stafrænn móttakari
- 3 HDMI og 2 USB tengi
- Skype og Wifi möguleiki
- EasyLink

**VERÐ 179.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Philips 42PFL4007T**
- 42" Smart LED sjónvarp
- Full HD Pixel Plus HD
- 200Hz Perfect Motion
- Stafrænn móttakari
- 3 HDMI og 3 USB tengi
- Skype og Wifi möguleiki
- EasyLink

**VERÐ 199.995**
FRÁBÆRT VERÐ

FÆST EINNIG Í 47"
Philips 47PFL4007T 269.995




ambi light

HDMI x4

**Philips 42PDL7906T**
- 42" Easy 3D LED sjónvarp
- Pixel Precise HD
- 400Hz Perfect Motion
- Ambilight Spectra 2 baklýsing
- 4 HDMI og 3 USB tengi
- Smart TV - þráðlaus netvafri
- Tvenn þrívíddargleraugu fylgja

**VERÐ 279.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Philips 46PFL5007T**
- 46" Smart LED sjónvarp
- Full HD Pixel Plus HD
- 400Hz Perfect Motion
- Stafrænn móttakari
- 3 HDMI og 3 USB tengi
- Skype möguleiki
- Wi-Fi þráðlaus móttakari

**VERÐ 299.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Blu-ray Disc



***TÆKJUNUM FYLGIR PHILIPS BDP3280 3D BLU-RAY SPILARI***

**PHILIPS**
sense and simplicity

**Heimilistæki** ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# menning

menning@frettabladid.is



**LITASPJALD ÍSLANDS** Nýverið kom út bókin Iceland colours + patterns þar sem lesendum er hjálpað til að upplifa liti og mynstur Íslands á nýjan hátt. Lesendur bókarinnar, sem er á ensku, eru hvattir til að nota hana næst þegar húsið er málað, peysa er prjónuð eða listaverk búið til. JPV gefur út.



**KIRA KIRA** Nýútkominni plötu hennar verður fagnað í kvöld.

## Útgáfuhóf Kiru Kiru

Kimi Records slær upp litlu útgáfuhófi fyrir Feathermagnetik, nýútkomna plötu Kiru Kiru, í Stofunni við Ingólfstorg í kvöld klukkan níu. Platan verður leikin í heild sinni, léttar veitingar verða í boði og hægt verður að kaupa plötuna á kostakjörum. Feathermagnetik kom út hjá Sound of A Handshake, dótturfyrirtæki Morr Music í Evrópu og hér á landi í síðustu viku, í samstarfi við Kimi Records. Platan hefur hlotið góðar viðtökur, hún fékk fullt hús hjá þýska tónlistartímaritinu De:bug og svo situr hún í þriðja sæti á sölulista tónlistarveitunnar Gogoyoko.

Útgáfutónleikar verða svo haldnir í Radialsystem í Berlín 8. júlí og í Reykjavík í haust.

SAFT

MUNDU AÐ EFNI SEM ÞÚ SETUR Á NETIÐ ER ÖLLUM OPIÐ, ALLTAF!

Heimili og skóli

www.saft.is

# VIÐ DJÚPIÐ Í TÍUNDA SINN

**Tónlistarhátíðin Við Djúpið fer fram á Ísafirði dagana 19. til 24. júní næstkomandi. Sem fyrr byggir hátíðin á námskeiðahaldi og tónleikadagskrá, en fullt er á öll námskeiðin í ár.**



**VIÐ DJÚPIÐ** „Jarðvegurinn hér er fjór og ég held að það hafi orðið bænum til happs að þar þykir jafn sjálfsagt að fara í tónlistarskóla og að æfa fótbolta eða aðrar íþróttir," segir Greipur Gíslason, framkvæmdastjóri tónlistarhátíðarinnar Við Djúpið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Í gegnum árin hefur áherslan fyrst og fremst verið lögð á að gera hátíðina betri frá ári til árs, en ekki endilega að gera hana umfangsmeiri. Það hefur tekist mjög vel og skilar sér hægt og örugglega í auknum áhuga á hátíðinni. Sem dæmi um það er fullt á öll námskeiðin í ár," segir Greipur Gíslason, framkvæmdastjóri tónlistarhátíðarinnar Við Djúpið sem fer fram í tíunda sinn á Ísafirði dagana 19. til 24. júní. Eins og fyrr byggir hátíðin á námskeiðahaldi fyrir lengra komna tónlistariðkendur og framsækinni tónlistardagskrá, en aðalkennarar í ár eru Jorja Fleezanis fiðluleikari, Stefán Ragnar Höskuldsson flautuleikari og píanóleikarinn Vovka Stefán Ashkenazy.

Þetta er sjöunda árið í röð sem Greipur starfar við tónlistarhátíðina, en hann hefur fylgst grannt með þróun hennar frá upphafi. „Við höfum alltaf verið mjög heppin með listamenn og hægt og rólega bætt hliðarverkefnum við dagskrána. Mestu máli skiptir þó að mikið traust hefur skapast í garð hátíðarinnar, til að mynda hjá tónlistarkennurum, sem senda nemendur sína til okkar. Það er gæðastimpillinn sem gerir það að verkum að margir gera sjálfkrafa ráð fyrir því að námskeiðin á Við Djúpið-hátíðinni séu góð, jafnvel þótt nöfnin á kennurunum séu ekki endilega vel kunn hér á landi. Raunar höfum við lagt mikla áherslu á að kynna til leiks tónlistarfólk sem hefur ekki komið til Íslands áður, í bland við fastagesti," segir Greipur, en nemendur námskeiðanna koma einnig fram á hátíðinni og stendur þar öll tónlist jafnfætis, hvort sem um ræðir klassík, djass, popp eða nútímatónlist.

Greipur bætir við að margir telji hátíðina kærkomna viðbót í tónleikaflóru Ísafjarðar, en í gegnum tíðina hefur bærinn getið sér gott orð fyrir mikla grósku á tónlistarsviðinu. „Hugsanlega er Ísafjörður þekktastur fyrir að vera tónlistarbær, ásamt skíðunum og fiskinum," segir Greipur, sem einnig kom að stofnun tónlistarhátíðarinnar vinsælu Aldrei fór ég suður á Ísafirði. „Jarðvegurinn hér er frjór og ég held að það hafi orðið Ísafirði til happs að þar þykir jafn sjálfsagt að fara í tónlistarskóla og að æfa fótbolta eða aðrar íþróttir. Það er hefð fyrir því að krakkar reyni í það minnsta fyrir sér í tónlistarnámi, hvort sem þeir halda svo áfram eða ekki."

Nánari upplýsingar um tónleikadagskrá hátíðarinnar má finna á vefsíðunni Viddjupid.is.

kjartan@frettabladid.is

## LISTAMENN Á VIÐ DJÚPIÐ Í ÁR:



- Jorja Fleezanis, fiðla
- **Stefán Ragnar Höskuldsson, flauta**
- Vovka Stefán Ashkenazy, pínaó
- The Declassified
- Sarah Beaty, klarinett
- Owen Dalby, fiðla
- Anna Elashvili, fiðla
- Meena Bhasin, víóla
- Sæunn Þorsteinsdóttir, selló
- **Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó**
- Sif Margrét Tulinius, fiðla
- Daníel Bjarnason, tónskáld
- Árni Freyr Gunnarsson, tónskáld
- Ellis Ludwig-Leone, tónskáld
- Máté Szigeti, tónskáld
- **Helgi Hrafn Jónsson, söngvaskáld**
- Skúli Mennski, söngvaskáld
- **Jussanam da Silva, söngvaskáld**
- KK, söngvaskáld
- Andrés Þór, gítar
- Halldór Smárason, píanó
- Valdimar Olgeirsson, bassi
- Kristinn Gauti Einarsson, trommur
- James McVinnie, orgel
- Una Sveinbjarnardóttir, fiðla
- Árni Heimir Ingólfsson







POTTURINN STEFNIR Í 100.000.000 +550.000.000

650 MILLJÓNIR

ÞÚ TALDIR RÉTT ★ 650.000.000

Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 550 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**



FÍTON / SÍA

VÍKINGA LOTTÓ

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 13. JÚNÍ 2012

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |



**ÚR GÁLGAHRAUNI 1955 - 1960** Ein fjölmargra mynda sem Kjarval málaði í Gálgahrauni.

# Kvöldganga að Kjarvalsreit

Gengið verðir að Kjarvalsreit annað kvöld í fyrstu göngu sumarsins, sem menningarstofnanir Reykjavíkurborgar skipuleggja. Þá mun Jónatan Garðarsson, fjölmiðla- og fræðimaður, leiða göngur í Gálgahrauni ásamt Halldóri Ásgeirssyni myndlistarmanni. Gangan er farin í tengslum við sýninguna Gálgaklettur og órar sjónskynsins – Sýning um samtal Jóhannesar Kjarvals við náttúruna og íslenska myndlist, sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum.

Í um aldarfjórðung heimsótti Jóhannes Kjarval reglulega afskekktan stað í Garðahrauni norðan Hafnarfjarðar, sem hann kenndi við Gálgaklett. Ekki verður séð að þessi staður hafi neitt sérstakt upp á að bjóða umfram það sem almennt gerist í íslensku hrauni, en andspænis formlausum hraunmyndunum Gálgakletts málaði Kjarval engu að síður hátt á fimmta tug mynda, sem eru grunnurinn að sýningunni undir sýningarstjórn Ólafs Gíslasonar. Sýningin fjallar öðru fremur um fyrirbærafræði sjónskynsins þar sem einnig er að finna verk eftir tuttugu aðra íslenska listamenn, sem enduróma nálgun Kjarvals við Gálgaklett sem viðfangsefni á einn eða annan hátt.

Gangan hefst við bílaplan við Hraunvík, nærri Sjálandsog Ásahverfum þar sem eystri hluti Fógetagötu hefst, klukkan átta. Bílastæðið er merkt með friðlandsskilti. Einnig verður boðið upp á rútuferð fram og til baka frá Hafnarhúsi, Tryggvagötu 17, kl. 19.30.

Gangan er hluti af Kvöldgöngudagskrá sem Borgarbókasafnið, Listasafn Reykjavíkur, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Minjasafn Reykjavíkur standa fyrir á fimmtudagskvöldum á sumrin. Gangan og rútuferðin eru öllum að kostnaðarlausu.

# Ása, Signý, Helgi og Scarlett

Bækur ★★★

**Það kemur alltaf nýr dagur**
Unnur Birna Karlsdóttir

**Bjartur**

Ása er rík, Ása er falleg, Ása á hið fullkomna líf í efri lögum samfélagsins í New York ásamt sínum forríka manni og tveimur börnum. Ása á líka erfiða fortíð heima á Íslandi; drykkfelldan föður, svikulan kærasta og móður sem yfirgefur börn og bú, en hún hefur falið þá fortíð djúpt í leynum hugans. Enginn veit þó sína ævina og einn góðan veðurdag yfirgefur eiginmaðurinn hana fyrir yngra módel, faðir hennar deyr og hún hrekst úr glamúrlífinu í NY heim í íslensku sveitina sína, þar sem hún gengur um heiðar og móa, vorkennir sjálfri sér og rifjar upp fortíðina. Hamingjan bíður svo handan við uppgjörið – í líki karlmanns, en ekki hvað?

Það kemur alltaf nýr dagur er fyrsta skáldsaga Unnar Birnu Karlsdóttur og hefur greinilega verið lengi í vinnslu og höfundur hefur leyft sér að nostra við hvert smáatriði. Textinn er feykivel unninn, á köflum ljóðrænn og seiðandi, persóna Ásu skýrt dregin, en aðrar persónur síður, enda er öll sagan sögð út frá hennar sjónarhorni og það eina sem lesandinn kynnist eru hennar viðmið, sem eingöngu taka mið af henni sjálfri.

Helsti galli sögunnar er einmitt þessi sjálfhverfni aðalpersónu og sögumanns. Hún minnir á köflum á Scarlett O'Hara úr Á hverfanda hveli en hefur því miður ekki sjarma Scarlett og lesandinn á ákaflega erfitt með að finna til samúðar með henni þrátt fyrir alla erfiðleikana í nútíð og fortíð. Þessi tenging við Scarlett er varla óméðvituð frá höfundarins hendi, enda titill bókarinnar og lokaorð sögunnar vísun í hin frægu lokaorð Á hverfanda hveli: „After all, tomorrow is another day.“

Þjóðsögurnar íslensku leika einnig hliðarstef í sögunni, systkinin þrjú, börn karls og kerlingar í koti, bera nöfnin Ása, Signý og Helgi eins og systurnar í þjóðsögunni og Ása þarf að leysa ýmsar þrautir áður en hún getur gert sér vonir um að hreppa hamingjuna.



**UNNUR BIRNA KARLSDÓTTIR** „Það er gaman að lesa svo vel skrifaða og vel unna bók frá nýjum íslenskum höfundi,“ segir í ritdómi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þessar bókmenntavísanir víkka söguna til muna og vekja skemmtilegar hugleiðingar og höfundur á hrós skilið fyrir að vefa þær inn í söguna.

Það kemur alltaf nýr dagur er ekki auðveld bók aflestrar, sagan ekki falleg og persónur ekki gott fólk, en seiðurinn í textanum togar lesandann áfram síðu eftir síðu og það er gaman að lesa svo vel skrifaða og vel unna bók frá nýjum íslenskum höfundi sem vonandi á eftir að láta okkur njóta krafta sinna lengi í viðbót.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Vel skrifuð saga um þekkt stef. Seiðandi texti og skemmtilegar bókmenntavísanir gera lesturinn að óvenjulegri og hressandi upplifun.






Grillaðu grænmeti í sumar - hollari kostur!

Hälsans Kök
Heilsueldhúsið
heilsurettir.is

VELKOMIN Á BIFRÖST

Umsóknarfrestur rennur út 15. júní

Háskólinn á Bifröst er framsækinn skóli í viðskiptum, lögfræði og hugvísindum og háskólasamfélagið er frábært umhverfi fyrir börn og fullorðna. Á Bifröst vinnum við saman í hópum, getum unnið allt árið og erum í sterkum tengslum við atvinnulífið.



**Frumgreinanám**

- **Frumgreinanám** í fjar- og staðnámi

Skoðunarferð um háskólaþorpið hefst á Bifrost.is

**Grunnnám**

- **HHS**: Heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði, í fjar- og staðnámi
- **Viðskiptafræði**, alhliða viðskiptanám, í fjar- og staðnámi
- **Viðskiptafræði** með áherslu á markaðssamskipti, í fjarnámi
- **Viðskiptalögfræði**, laganám með tengingu við rekstur, í staðnámi

**Meistaranám**

- **MA** í menningarstjórnun
- **MA** í menningarfræðum
- **ML** í lögfræði
- **MS** í alþjóðaviðskiptum

Opið fyrir umsóknir til 15. júní á bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



**NÝ MACBOOK FRÁ APPLE** Apple kynnti á mánudag nýjar og uppfærðar Macbook Pro-fartölvur. Helsta nýjungin er nýr ofurþunnur skjár sem nær fjórum sinnum hærri upplausn en fyrri gerðir, eða 2.880 x 1.800 pixla.

# Flestir strandblakarar í góðu formi

**Ólympíuíþróttin strandblak hefur rutt sér til rúms á Íslandi á undanförnum árum og tóku alls sextíu þátt í síðasta móti Blaksambands Íslands. Von er á fyrstu innivöllunum næsta vetur sem mun opna nýjar dyr fyrir strandblökurum.**

**HEILSA** „Strandblak er mjög líkamlega erfið íþrótt, enda eru flestir strandblakarar í mjög góðu formi,“ segir Karl Sigurðsson, landsliðsþjálfari karla, kvenna og unglinga í strandblaki.

Hann segir mikinn mun vera á strandblaki og inniblaki. „Í strandblaki er keppt í tveggja manna liðum en í sex manna liðum í inniblaki, samt er völlurinn af svipaðri stærð og netið í sömu hæð,“ segir hann og bætir við að sandurinn breyti leiknum líka gríðarlega og geri hann erfiðari. „Fólk getur spilað inniblakleiki í upp í tvo og hálfan tíma en fæstir standa lengur en í klukkutíma í strandblaki,“ segir hann. Strandblak er stundað um allan heim en þar sem það er útiíþrótt setur veðrið að sjálfsögðu stórt strik í reikninginn. Það eru því stórtíðindi í heimi strandblakara að opnaðir verða tveir innivellir í Sporthúsinu næsta vetur. „Hingað til höfum við bara getað æft í þrjá mánuði á ári en með tilkomu þessara valla verður þetta að heilsársíþrótt. Það verður alveg geðveikt,“ segir Karl. Nú þegar er 31 völlur á landinu og segir Karl þeim fara ört fjölgandi, hann viti um sex velli sem séu á teikniborðinu eða í smíðum núna.

Aðspurður segir Karl strandblak hafa náð vinsældum hérlendis upp úr 2004. „Þá voru settir upp strandblakvellir í Fagralundi og upp frá því hófst æðið hérlendis. Fyrsta Íslandsmótið var svo haldið þá um haustið,“ segir hann. Síðan 2004 hafa verið haldin Íslandsmót á hverju hausti og nú er Blaksamband Íslands farið að standa fyrir stigamótaröð sem er í gangi allt sumarið. Fyrsta mótið í þeirri röð var um síðustu helgi og voru þar þrjátíu lið mætt til leiks, eða sextíu þátttakendur.

Karl er, eins og áður segir, landsliðsþjálfari í strandblaki en íslenskt landslið hefur keppt á smáþjóðaleikunum frá árinu 2005. „Besti árangurinn okkar var í Mónakó árið 2007 en þá lentum við í þriðja sæti,“ segir hann en átta þjóðir eru gjaldgengar til að taka þátt á leikunum sem haldnir eru annað hvert ár.

tinnaros@frettabladid.is

## HVAÐ ÞARF TIL AÐ STUNDA STRANDBLAK?

Karl segir strandblak vera eina ódýrustu íþróttina sem hægt sé að æfa, allt sem þurfi til séu stuttbuxur og stuttermabolur. „Við spilum alltaf berfætt, svo það þarf ekki einu sinni að fjárfesta í rándýrum skóm. Svo er gott að eiga boltatuðru til að leika sér með. Getur ekki orðið einfaldara,“ segir Karl.

Karl tekur sjálfur að sér kennslu og þjálfun í strandblaki, hvort sem er fyrir aðila sem vilja læra leikinn til að geta leikið sér eða þá sem vilja æfa íþróttina og keppa. Hann og konan hans, Heiðbjört Gylfadóttir, eru þau einu hérlendis sem eru með alþjóðleg þjálfararéttindi í strandblaki. Strandblak er öðruvísi en aðrar íþróttir hvað það varðar að ekki þarf að skrá sig í félag til að geta keppt í íþróttinni heldur eru keppnir öllum opnar. Allar helstu upplýsingar um íþróttina og hvernig hægt sé að stunda hana má nálgast á www.strandblak.is.



**VERÐUR HEILSÁRSÍÞRÓTT** Karl segir mikið breytast í heimi strandblakara þegar opnaðir verða tveir innivellir í Sporthúsinu næsta vetur. FRETTABLADID/ERNIR

# Svefn lengir lífið

**HEILSA** Svefnleysi getur skaðað fleira en frammistöðu þína í vinnunni, samkvæmt nýrri rannsókn sem samtök svefnsérfræðinga (the Associated Professional Sleep Societies) kynntu í Boston á mánudag. Samkvæmt niðurstöðum samtakanna eru þeir sem sofa í sex klukkutíma eða minna um nætur líklegri en aðrir til að fá heilablóðfall.

„Fólk veit hversu mikilvægt mataræði og líkamsrækt er til að koma í veg fyrir heilablóðfall. Fólk er ekki jafn meðvitað um áhrif svefnleysis. Svefn er mjög mikilvægur. Líkaminn stressast upp ef hann fær ekki nóg af honum,“ sagði Megan Ruiter, forsprakki rannsóknarinnar.



**GÓÐA NÓTT** Mikilvægt er að sofa nóg, samkvæmt nýrri rannsókn.

# Hollara að sofa saman

**KYNLÍF** Pör í heilbrigðum og stöðugum samböndum virðast ná að hvílast betur ef marka má nýja rannsókn sem framkvæmd var af Wendy M. Troxel, prófessor í Háskólanum í Pittsburgh.

Það að deila rúmi með einhverjum getur minnkað stresshormón líkamans og aukið flæði oxýtósíns, sem er hormón sem er þekkt fyrir að draga úr kvíða.

Fólk sem deilir rúmi með öðrum er þannig líklegra til að vera heilbrigt og úthvílt. Sérstaklega hafði þetta áhrif á konur og umtalsverður munur var á því hversu mikið betur konur í samböndum hvíldust en þær einhleypu.



**HEILBRIGÐARI** Fólk sem deilir rúmi með öðrum er oft heilbrigðara en aðrir.



# Fáðu gott verð

## Núna kr. 3.090.000

**Losaðu þig við gamla bílinn.**
Núna er tækifærið að losna við þann gamla.
Settu gamla bílinn þinn upp í nýjan Mazda.
Nýttu þér gott verð á Mazda í dag.
Komdu á Bíldshöfða 8.

mazda



Gott verð í dag

**3.090.000 kr.**

**Mazda3 Advance 5 dyra**
1,6i bensín. 105 hö. Beinskiptur.
Fáanlegur dísil.
Eldsneytisnotkun 6,4 l/100 km
Koltvísýringur $CO_2$ 147 g/km
Verð kr. 3.090.000
**Mánaðargreiðsla kr. 35.350***
Hlutfallstala kostnaðar 9,8%

# Kauptu bara öruggar vörur

# Fáðu þér Mazda3




**Þetta hér segir þér að Mazda er örugg kaup:**
Áreiðanleiki, lágur rekstrarkostnaður, lág bilanatíðni, frábær í endursölu, sportlegt útlit og góðir akstursseiginleikar. Mazda er japönsk gæðavara. Þú færð mikið fyrir minna í dag. Settu gamla bílinn upp í nýjan Mazda. Kauptu örugga vöru. Komdu í Brimborg.

**Fyrirmyndarþjónusta Mazda á Íslandi**
Brimborg er vottaður þjónustuaðili Mazda á Íslandi. Sérfræðingar Mazda hjá Brimborg tryggja öryggi þitt með reglubundnu eftirliti og viðhaldi á skilvirkan og hagstæðan hátt. Kynntu þér fyrirmyndarþjónustu Mazda hjá Brimborg í dag. Vertu Mazda.

## Skoðaðu búnaðinn í Mazda3 Advance

**Stjórntæki**
- Loftkæling
- Frjókornasía í miðstöð
- Fjölstillanlegt stýrishjól
- Hitamælir, útihiti
- Rafdrifnir hliðarspeglar
- Rafdrifnar rúður að framan
- Dagljós
- Hæðarstillanleg aðalljós
- Viðvörun vegna rúðuvökva
- Hæðarstillanlegt stýri með aðdrætti
- Hraðastillir – Cruise control

**Öryggi**
- Öryggispúðar í stýri og mælaborði
- Öryggispúðar í hliðum framsæta
- Öryggispúðatjöld í hliðum
- 3ja punkta öryggisbelti í öllum sætum
- ISO-fix barnabílstólafestingar
- ESP stöðugleikastýrikerfi
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA hjálparhemlun
- ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn
- Diskabremsur á öllum hjólum

**Sæti**
- Tauáklæði
- Hæðarstilling á ökumannssæti
- Hiti í framsætum
- Höfuðpúðar á öllum sætum
- Armpúði milli framsæta
- Tvískipt niðurfellanleg aftursæti 60/40

**Hljómtæki**
- Samhæft útvarp
- Tengi fyrir iPod og MP3 spilara
- Geislaspilari
- 6 hátalarar

**Innrétting**
- Glasahaldarar frammí
- Armpúði afturí með glasahaldara
- Geymsluhólf milli framsæta
- Bæði sólskyggni með snyrtispegli
- Ljós í farangursrými

**Utan**
- Fjarstýrð samlæsing
- Þvottakerfi á aðalljósum
- Samlit hurðarhandföng
- Samlitir hliðarspeglar
- Vindskeið að aftan samlit (5 dyra)
- 16" álfelgur
- Upphitanlegir hliðarspeglar

**Kynntu þér Mazdagæði og góða endursölu**

Nýttu þér gott verð á Mazda3 Advance í dag

## Persónuleg fyrirmyndarþjónusta Mazda á Íslandi

Fáðu Mazda til fyrirmyndar - Áreiðanleika - Góða endursölu - Gott verð - Persónulega þjónustu - Hagstætt þjónustuverð - Góða akstursseiginleika - Japönsk gæði og ekki síst fallegt bros. Komdu í Brimborg, Bíldshöfða 8.

**Losnaðu við þann gamla í dag**
Núna er tækifærið að losna við þann gamla. Vantar notaða Mazda á skrá. Tökum við öllum gerðum bíla.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | mazda.is

*Miðað við verðtryggðan bílasamning til 84 mánaða og 30% útborgun. Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| MADAGASKAR 3 3D | 4, 6 |
| MADAGASKAR 3 2D | 4 |
| PROMETHEUS 3D | 7, 10 |
| SNOW WHITE | 7, 10 |
| THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT | 4, 10.20 |




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| MADAGASCAR 3D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| MADAGASCAR 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |
| PRIANHA 3DD ÓTEXTUÐ | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.30 | 16 |
| PROMETHEUS 3D LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.30 | 16 |
| PROMETHEUS 2D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| PIRANHA 3DD | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 6 - 9 | 16 |
| MOONRISE KINGDOM | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 - 10 | 10 |
| GRIMMD: SÖGUR AF EINELTI | KL. 5.45 | 10 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| PIRANHA 3DD | KL. 8 - 10 | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| SNOW WHITE AND THE... | KL. 5.45 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL.TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÓTEXTUÐ M/ ENSKU. TALI | KL. 8 - 10:10 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL.TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ENSKU. TALI | KL. 4 - 8 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| SNOW WHITE LUXUS VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| LOL | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| THE RAVEN | KL. 10:40 | 2D | 16 |
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 10:10 | 2D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ ÍSL.TALI | KL. 3:30 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ENS TAL ÓTEXTUÐ | KL. 8 | 3D | L |
| RAVEN | KL. 10 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 3:30 - 4 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 4 - 6 | 2D | L |
| PROMETHEUS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 3D | 16 |
| PROMETHEUS | KL. 10 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ENS TAL | KL. 6 - 8 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 3:30 | 2D | L |
| THE AVENGERS | KL. 5:20 | 3D | 10 |
| THE RAVEN | KL. 8 - 10:20 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL.TALI | KL. 5:50 - 8 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ÓTXT M/ ENSKU.TALI | KL. 8 - 10:10 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ ÍSL.TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| LOL | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| THE LUCKY ONE | KL. 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| DARK SHADOWS | KL. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 ENS TAL ÓTEXTUÐ | KL. 8 | 3D | L |
| PROMETHEUS | KL. 10 | 2D | 16 |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |






**HEILLANDI** Söngkonan Buika heillaði tónleikagesti Hörpunnar í síðustu viku.

# Tilfinningarík og persónuleg

Tónleikar

**Buika**

Listahátíð – Harpa Eldborg 9. júní

★★★★☆

Það var ólík sýn sem beið manns þegar maður gekk inn í Elborgarsal Hörpu á laugardagskvöldið, heldur en á tónleikum Bryans Ferry um daginn eða á Hljómskálatónleikunum. Á sviðinu voru bara tveir stólar, eitt lítið borð með drykkjum á, þrír hljóðnemar og nokkrir litlir sviðshátalarar. Engar græjustæður og engin sérútbúin sviðsmynd. Þegar Buika hafði komið sér fyrir á sviðinu ásamt hljóðfæraleikurunum sínum tveimur, kassagítarleikara og slagverksleikara, þá rann upp fyrir manni að hún og röddin hennar þyrftu að halda alveg uppi þessum tónleikum. Það væri ekki hægt að fela sig á bak við eitt eða neitt.

Strax á eftir fyrsta laginu útskýrði Buika að hún hefði orðið að fresta tónleikunum, sem áttu upphaflega að vera 3. júní, vegna slæmra veikinda og bætti því við að hún væri nýhætt með kærastanum: „Röddin er ekki alveg hundrað prósent og hjartað er skaddað, en hugurinn og þrekið hafa aldrei verið sterkari.“

Þrátt fyrir viðkvæma rödd og einfalt undirspil þá skilaði Buika sínu með miklum tilþrifum á laugardagskvöldið. Hún hefur mjög sérstaka rödd og sterka sviðsnærveru. Hún var mjög persónuleg; talaði mikið við tónleikagesti um sig og sín mál, söng af mikilli tilfinningu og innlifun og hreyfingar hennar og dansar á sviðinu voru fullir af ástríðu.

Tónlist Buiku er sambland af flamenco-tónlist, suður-amerískri tónlist, sálartónlist og djassi, þó að djassinn sé meira áberandi hjá henni þegar hún spilar með píanóleikara. Buika söng lögin sín af innlifun á laugardagskvöldið, en hún var líka mjög skemmtileg á sviðinu. Hún kallaði „Hvað, ertu að fara?“ á eftir tónleikagesti sem stóð upp til að yfirgefa salinn og hætti ekki fyrr en hún hafði fengið það staðfest frá honum að hann kæmi aftur, hún tók nokkrar myndir af gítarleikaranum sínum í einu laginu og hún leyfði sér að stoppa í miðju kafi til þess að laga fleginn kjólinn og biðjast afsökunar á því að það sæist of mikið í brjóstin á henni. Og allt gerði hún þetta með breiðu brosi og hlýlegu og glampandi augnaráði. Listahátíð hefur fyrir reglu að bjóða upp á allavega einn heimstónlistarviðburð á hverri hátíð. Það er mjög mikilvæg og góð regla. Tónleikarnir með Buiku voru frábærir. Þeir voru óvenju persónulegir og ólíkir flestu öðru sem maður hefur upplifað. Án Listahátíðar hefðu þeir sennilega aldrei farið fram.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Spænska söngkonan Buika heillaði tónleikagesti í Hörpu á laugardagskvöldið með tilfinningaríkum söng og skemmtilegri sviðsframkomu.

# Nýtt par?

Leikaranir Ellen Page og Alexander Skarsgård hafa ítrekað sést saman undanfarna daga og velta því fjölmiðlar vestanhafs fyrir sér hvort þau séu nýjasta par Hollywood. Skarsgård og Page sáust saman á hokkíleik í síðustu viku þar sem ljósmyndarar eltu þau á röndum.

Skarsgård hefur verið í sambandi við leikkonurnar Kate Bosworth, Evan Rachel Woods og Charlize Theron.

Hugsanlega eru nýleg stefnumót Page og Skarsgård hluti af því að skapa umtal um myndina The East sem verður frumsýnd á næstunni en hún skartar leikurunum í aðalhlutverki.





**SKOTIN?** Fjölmiðlar vestanhafs velta því fyrir sér hvort leikaranir Alexander Skarsgård og Ellen Page séu nýja stjörnuparið. NORDICPHOTOS/GETTY

# Pabbi samdi textann

Tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti hefur sent frá sér lagið Leyndarmál. Það er eftir hann en textann á faðir hans Einar Georg Einarsson. Um undirspil sáu Sigurður Guðmundsson og Kiddi úr hljómsveitinni Hjálmum, auk fleiri þekktra hljóðfæraleikara.

Ásgeir Trausti hefur vakið athygli undanfarið með laginu Sumargestur sem hefur setið í sex vikur á vinsældarlista Rásar 2. Bæði lögin verða á fyrstu plötu hans, Dýrð í dauðaþögn, sem kemur út í ágúst. Á henni verða tíu lög, öll eftir Ásgeir Trausta.



**NÝTT LAG** Ásgeir Trausti hefur sent frá sér lagið Leyndarmál.


MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




**MIÐVIKUDAGUR: UNG (GOODBYE FIRST LOVE)** 17:50, 20:00, 22:10 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50, 20:00 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ TYRANNOSAUR 18:00 ■ IRON SKY 18:00 ■ *BLACK'S GAME* 20:00, 22:00

21. JÚNÍ: **MARLEY + REGGÍHÁTÍÐ!**

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.


www.somi.is
SALATLÍNAN
ALGJÖR SNILLD
FRÁ SÓMA
Salötin frá Sóma eru byggð á áralangri reynslu af samlokugerð. Þú getur valið úr sjö tegundum ásamt Pestó Hummus sem bragðgóð nýjung. Prófaðu!
SÓMI
PESTÓ
HUMMUS
SÓMI

# sport

sport@frettabladid.is



**SJÖTTA TAPIÐ Í RÖÐ** hjá íslenska U-21 árs landsliðinu varð staðreynd í Noregi í gær er strákarnir töpuðu, 2-1, gegn heimamönnum í undankeppni EM. Ísland hefur aðeins unnið einn leik af sjö og er í neðsta sæti riðilsins. Rúnar Már Sigurjónsson skoraði mark íslenska liðsins í gær.

## ÚRSLIT

### EM í knattspyrnu:

**Tékkland-Grikkland 2-1**
1-0 Petr Jiracek (3.), 2-0 Vaclav Pilar (6.), 2-1 Theofanis Gekas (53.).

**Pólland-Rússland 1-1**
0-1 Alan Dzagoaev (37.), 1-1 Jakub Blaszczykowski (57.)

**STAÐAN Í A-RIÐLI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rússland** | **2** | **1** | **1** | **0** | **5-2** | **4** |
| Tékkland | 2 | 1 | 0 | 1 | 3-5 | 3 |
| **Pólland** | **2** | **0** | **2** | **0** | **2-2** | **2** |
| Grikkland | 2 | 0 | 1 | 1 | 2-3 | 1 |

**LEIKIR DAGSINS:**

**Danmörk - Portúgal kl. 16.00**
**Holland - Þýskaland kl. 18.45**

### Borgunarbikar karla:

**Víkingur Ó.-ÍBV 0-2**
0-1 Ian Jeffs (11.), 0-2 Tryggvi Guðmundsson (52.)
**ÍBV mætir Hetti í 16-liða úrslitum.**



**HETJU FAGNAÐ** Fyrirliðinn Blaszczykowski jafnaði leikinn fyrir Pólverja. NORDICPHOTOS/GETTY

A-riðill galopinn:

## Pólverjar stöðvuðu Rússa

**EM 2012** Rússar náðu ekki að tryggja sig inn í átta liða úrslit EM í gær. Pólverjar nældu þá í jafntefli gegn þeim í mögnuðum leik.

Mikil læti voru í Varsjá fyrir leikinn þar sem Rússar og Pólverjar slógust úti um alla borg. Rússar voru að fagna þjóðhátíðardegi sínum og lætin meiri en vant er enda tugir manna handteknir.

Þrátt fyrir flotta sóknartilburði beggja liða voru aðeins tvö mörk skoruð. Bæði lið sóttu af miklum krafti allan leikinn.

Það verður mikil spenna í lokaumferð riðilsins en þá mæta Rússar liði Grikkja en Pólverjar spila gegn Tékkum. **- hbg**



**MARK** Vaclav Pilar fagnar marki sínu fyrir Tékka í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Tékkar tóku við sér:

## Fimm dýrmætar mínútur

**FÓTBOLTI** Það tók Tékka ekki nema rúmar fimm mínútur að komast í 2-0 gegn Grikkjum og þessi frábæri upphafskafli skilaði Tékkum 2-1 sigri. Tékkar steinlágu gegn Rússum, 4-1, í fyrstu umferð en það var allt annað að sjá til þeirra í gær.

Sigurinn hefði orðið mun öruggari ef Petr Cech hefði ekki gefið Grikkjum mark í síðari hálfleik. Sigur Tékka að lokum var nokkuð öruggur og sanngjarn.

„Ég sá að félagi minn reyndi að setja fótinn út í boltann þannig að ég varð óöruggur. Ég var ekkert að kenna honum um. Ég varð bara pirraður yfir að hafa gefið þetta mark. Það var mikill léttir að við skyldum ekki hafa tapað leiknum út af þessu marki,“ sagði Cech eftir leik og glotti við tönn. **- hbg**

# NÝTT UPPHAF FYRIR MIG

**Handboltakonan Ramune Pekarskyte fær á næstunni íslenskan ríkisborgararétt og verður hún gjaldgeng í íslenska landsliðið síðar á árinu. Hún er 31 árs að aldri og stefnir á að setjast að á Íslandi eftir að handboltaferlinum lýkur.**





**RAMUNE** Hér í leik með Haukum en þar vann hún fjölmarga titla áður en hún hélt til Noregs árið 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HANDBOLTI** Stórskyttan Ramune Pekarskyte fær íslenskan ríkisborgararétt ef Alþingi samþykkir lagafrumvarp allsherjar- og menntamálanefndar um veitingu ríkisborgararéttar. Tillagan var á dagskrá þingsins í gær og fær væntanlega skjóta afgreiðslu.

Tíðindin þykja góð fyrir íslenskan handknattleik og ekki síst kvennalandsliðið í handbolta enda Ramune öflugur leikmaður. „Hún er einn besti sóknarmaðurinn í norsku deildinni, sem er ásamt þeirri dönsku besta deild heims,“ sagði landsliðsþjálfarinn Ágúst Þór Jóhannsson sem hefur þjálfað hana hjá Levanger í Noregi undanfarin tvö ár.

Ágúst hætti reyndar með félagið undir lok tímabilsins en Ramune, sem er fædd í Litháen, framlengdi samning sinn um tvö ár.

„Ég er mjög spennt fyrir þessu enda nýtt upphaf og nýtt líf fyrir mig,“ sagði Ramune á góðri íslensku þegar Fréttablaðið náði tali af henni í gær.

Hún spilaði með Haukum í átta ár áður en Ágúst fékk hana til Noregs fyrir tæpum tveimur árum. Hún verður 32 ára síðar á þessu ári og á því mörg góð ár eftir í boltanum.

**Mamma ekki ánægð í fyrstu**

„Ég ætlaði fyrst að sækja um árið 2005 en mamma mín var reyndar ekki ánægð með það og því ákvað ég að bíða,“ sagði hún í léttum dúr. „En nú vildi ég kýla á þetta og ákvað að senda inn umsókn.“

Samkvæmt reglum Alþjóðahandknattleikssambandsins, IHF, mega leikmenn ekki spila með landsliði í þrjú ár áður en þeir verða gjaldgengir í annað landslið. Gildir þá einu hvenær viðkomandi fékk nýjan ríkisborgararétt. Ramune lék hins vegar síðast með landsliði Litháens fyrir tæpum þremur árum og verður hún gjaldgeng með íslenska landsliðinu í október á þessu ári.

„Ég hef reyndar verið meidd síðan í desember en er að æfa núna. Ef ég næ að spila vel í haust og Ágúst vill fá mig í landsliðið, þá kem ég,“ segir hún.

Ramune sér fyrir sér að hún muni spila aftur hér á landi. „Ég verð allavega í eitt ár enn í Noregi en svo sé ég til.“

Ágúst segir að það sé ekki sjálfgefið að hún verði valin í landsliðið. „Hún verður auðvitað að standa sig til þess, alveg eins og allir leikmenn. En ef allt er eðlilegt þá á hún ágætis möguleika á því,“ sagði hann.

> Ef ég næ að spila vel í haust og Ágúst vill fá mig í landsliðið, þá kem ég.
>
> **RAMUNE PEKARSKYTE**
> LEIKMAÐUR LEVANGER

„Hingað til hefur hún átt frábæran feril. Hún spilaði mjög vel með Haukum sem og í þessi tvö ár sem ég þjálfaði hana í Noregi. Hún var næstmarkahæsti leikmaður deildarinnar í fyrra sem segir ýmislegt. Hún er frábær skytta sem myndi auka breidd liðsins mikið.“

**Sá um þetta sjálf**

Ágúst segist aðspurður ekki hafa haft hönd í bagga í þessu ferli. „Hún sá sjálf um alla pappírsvinnu og þetta var frá henni komið – enda er hún mikill Íslendingur í sér. Hún á íbúð hér á landi, kann tungumálið og ætlar sér að setjast að á Íslandi. Þá lá beinast við að hún myndi sækja um ríkisborgararétt,“ segir hann.

„En ég hafði auðvitað ekkert á móti því að hún sækti um. Þetta er frábær handboltamaður og góð manneskja þar að auki.“

Það gæti því farið svo að Ramune spili með íslenska landsliðinu á EM í desember næstkomandi. Ísland komst reyndar ekki áfram úr undankeppninni en gæti fengið úthlutað sæti í keppninni síðar í vikunni. Holland átti að halda keppnina en gaf óvænt mótið frá sér fyrr í mánuðinum. Ef ákveðið verður að halda mótið í landi sem hefur þegar tryggt sér þátttökurétt í undankeppninni er góður möguleiki á því að Ísland fái sextánda og síðasta sætið á mótinu.

eirikur@frettabladid.is



**FANNDÍS** Meiddist í leik gegn Stjörnunni á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Meiðsli hjá stelpunum okkar:

## Óvíst hvort Fanndís spilar

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu, segir óvíst hvort Fanndís Friðriksdóttir geti verið með gegn Ungverjum á laugardaginn. Fanndís meiddist í 2-2 jafntefli Breiðabliks og Stjörnunnar í Pepsi-deild kvenna á mánudag.

„Fanndís fór á slysadeildina með sjúkrabíl eftir leikinn. Hún fékk þungt högg framan á kviðinn og fann fyrir miklum sársauka. Hún var send heim eftir skoðun og fór til okkar læknis í dag,“ segir Sigurður Ragnar, sem segir líðan Fanndísar mun betri í dag.

„Við þurfum þó að fara varlega og sjá hvernig batinn heldur áfram. Það verður að koma í ljós hvort hún getur spilað,“ segir Sigurður Ragnar en nokkuð er um meiðsli í herbúðum landsliðsins.

Guðbjörg Gunnarsdóttir, markvörður Djurgården, er frá vegna meiðsla en Sandra Sigurðardóttir, markvörður Stjörnunnar, kom inn í hópinn í hennar stað.

Þá hefur Hallbera Guðný Gísladóttir, leikmaður Piteå, glímt við meiðsli aftan í læri. Hún kom til landsins í gær og verður í umönnun hjá sjúkraþjálfara landsliðsins í dag.

„Ég held það sé á mörkunum hvort hún nái leiknum en það eru miklu meiri líkur á að hún nái seinni leiknum,“ segir Sigurður Ragnar.

Íslenska landsliðið mætir Ungverjum á Laugardalsvelli á laugardaginn í undankeppni Evrópumótsins. Leikurinn hefst klukkan 16.30. **- ktd**

Útgáfu bókarinnar „Saga handknattleiksins á Íslandi í 90 ár“ var fagnað á Bessastöðum í gær:

# Mikilvægt fyrir þjóðina að sagan sé skráð



**FYRSTA EINTAKIÐ** Ólafur Ragnar Grímsson tók við fyrsta eintaki bókarinnar úr hendi Júlíusar Hafstein, heiðursformanns HSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**HANDBOLTI** „Það er ekki bara mikilvægt fyrir HSÍ heldur fyrir Ísland sem þjóð að skrá þessa merku sögu. Handboltinn er svo greyptur í þjóðarsálina hjá okkur og gaman að geta gengið að sögunni frá upphafi fram á síðustu daga sem eru glæstir,“ segir Knútur Hauksson, formaður Handknattleikssambands Íslands, en saga íþróttarinnar á Íslandi síðustu níutíu árin er komin á prent.

Ritið, sem er í tveimur bindum, er tæplega 900 síður er prýtt fjölda mynda frá upphafi íþróttarinnar sem rakið er til ársins 2010. Forseti Íslands tók við fyrsta eintakinu úr hendi Júlíusar Hafstein, heiðursformanns HSÍ, sem hélt utan um verkefnið. Steinar J. Lúðvíksson er ritstjóri verksins sem er fjármagnað af Formannafélagi HSÍ sem í eru fyrrverandi formenn auk núverandi formanns sambandsins.

Hugmyndin að bókinni kviknaði fyrir áratug en vinna við verkið tók sex ár. Júlíus segir undirbúning bókarinnar ekki hafa verið neinn hausverk. Menn hafi aðeins þurft að skilja og taka þá ákvörðun að flýta sér hægt. Erfitt hafi þó verið að nálgast ljósmyndir fram til ársins 1960.

„Það fara ekki að koma almennilegar myndir frá handboltanum fyrr en við náum sjötta sæti á HM 1961. Eftir að kvennalandsliðið varð Norðurlandameistari árið 1964 fjölgaði myndum enn frekar. Þetta var mikill árangur á þeim tíma og í kjölfarið varð aðgengi að góðum myndum betra,“ segir Júlíus og bætir við að Formannafélagið muni áfram aðstoða HSÍ og koma að verkum þar sem hjálpar er óskað.

Það er bókaútgáfan Hólar sem gefur bókina út og verður henni á næstu dögum dreift til áskrifenda. Í kjölfarið verður hún fáanleg í helstu bókabúðum landsins. **- ktd**




**BYLGJULESTIN Í SUMAR**

| | |
|---|---|
| 9. JÚNÍ | Kótelettan á Selfossi |
| 16. JÚNÍ | Sólstöðuhátíð Víkinga á Fjörukránni í Hafnarfirði |
| 23. JÚNÍ | Hveragerði - Blóm í bæ |
| 30. JÚNÍ | Bylgjan á Bolungarvík |
| 7. JÚLÍ | Goslokahátíð í Vestmannaeyjum |
| 14. JÚLÍ | Bylgjuhátíð á Flúðum |
| 21. JÚLÍ | Húnavaka á Blönduósi |
| 28. JÚLÍ | Síldardagar á Siglufirði og Franskir dagar á Fáskrúðsfirði |
| 11. ÁGÚST | Fiskidagurinn mikli á Dalvík |
| 18. ÁGÚST | Menningarnótt í Reykjavík |

**BYLGJULESTIN ÞAKKAR** Selfyssingum frábærar viðtökur um síðustu helgi. Nú um helgina verður Bylgjulestin á Sólstöðuhátíð Víkinga í Hafnarfirði.

**ÆVINTÝRAEYJAN MEÐ HEMMA GUNN OG SVANSÍ**

Á laugardaginn verður Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansí á Bylgjunni. Boðið verður upp á frábær tónlistaratriði og uppákomur fyrir alla fjölskylduna.
**Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.**

ÆVINTÝRA EYJAN

olís

BYLGJAN 989

> **Stöð 2 kl. 21.20**

## Drop Dead Diva

***Lögfræðidrama á léttum nótum um sjálfumglaða fyrirsætu sem lætur lífið í bílslysi en sál hennar tekur sér bólfestu í líkama annarrar konu, sem er snjall lögfræðingur. Núna þarf hún að standa sig í réttarsalnum þegar hún fer með mál gengilbeinu sem var rekin eftir að hún þyngdist um nokkur kíló.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ HÓLMFRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR ER HVUMSA

# *Út í eitt um ekki neitt*

Hvaða markaðslögmál skyldu það vera sem stjórna því hvað margir útvarpsþættir snúast um að stjórnendur þeirra mali út í eitt um nákvæmlega ekki neitt? Þegar ég er í stuði til að vera vænisjúk velti ég því fyrir mér hvort þetta sé eitthvert plott um að ná stjórn á hugum okkar. Fylla þá af endalausu skvaldri og sjúga úr okkur alla orkuna, þannig að við förum örugglega ekki að hugsa um eitthvað sem skiptir máli.

Um daginn, þegar ég var um það bil að hefja mitt daglega – nei verum heiðarleg – vikulega hlaup, uppgötvaði ég að ég hafði gleymt að fylla tónhlöðuna af einhverju sem hvetur útlimina til að hreyfast hraðar. Ég ákvað því að hætta á að hlusta á útvarpsþátt á vinsælli rás í staðinn. Mig langaði fyrst og fremst í eitthvað hresst og hélt það gæti ekki skaðað að heyra einhverjar umræður í bland. Í staðinn fékk ég, á um það bil hálftíma hlaupum, tíu mínútur af óþolandi auglýsingum, fimmtán mínútur af innihaldslausu röfli og fimm mínútna langt lag samið í helvíti.



Auðvitað hefði ég átt að slökkva. Það var sól úti, fuglasöngur og sjávarniður, en ég ákvað að stytta líf mitt um að minnsta kosti einn dag með þessum þrjátíu heilaslátrandi mínútum. Talandi um sjálfskaparvíti.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Sögur af misgóðum mönnum **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Fuglarnir **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Tónlist fólksins **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Stefnumót **19.40** Vor í dal: Úr örsögum Friðriks Þórs Friðrikssonar **20.00** Leynifélagið **20.30** Út um græna grundu **21.30** Kvöldsagan: Egils saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**14.00 Baráttan um Bessastaði - Frambjóðendur kynntir** (1:8) (Herdís Þorgeirsdóttir) (e)
**14.30 Leiðarljós** (Guiding Light)
**15.15 Táknmálsfréttir**
**15.30 EM stofa** Hitað upp.
**16.00 EM í fótbolta** (Danmörk - Portúgal) BEINT
**18.00 Fréttir og veður**
**18.20 EM stofa** Hitað upp.
**18.40 EM í fótbolta** (Holland - Þýskaland) BEINT
**20.40 EM kvöld** Farið yfir leiki dagsins.
**21.10 Víkingalottó**
**21.15 Sætt og gott** (Det søde liv) Mette Blomsterberg útbýr kræsingar.
**21.25 Frú Brown** (5:7) (Mrs. Brown's Boys) Bresk-írsk gamanþáttaröð um kjaftfora húsmóður í Dublin.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Veðurfréttir**
**22.30 Baráttan um Bessastaði** (Þóra Arnórsdóttir) Frambjóðendur til embættis forseta Íslands kynntir.
**23.00 Jamie Cullum á tónleikum** (BBC Proms: Jamie Cullum, A Night of Jazz) Breski söngvarinn Jamie Cullum syngur djasslög á tónleikum hjá BBC.
**00.35 Hringiða** (2:8) (Engrenages II) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**01.30 Landinn** (e)
**02.00 Fréttir**
**02.25 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.10 Funny People**
**10.35 The Ex**
**12.05 Diary of A Wimpy Kid**
**14.00 Funny People**
**16.25 The Ex**
**18.00 Diary of A Wimpy Kid**
**20.00 In the Name of the Father**
**22.10 Bourne Supremacy**
**00.00 Kick Ass**
**02.00 Window Theory**
**04.00 Bourne Supremacy**
**06.00 When In Rome**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (72:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Perfect Couples** (8:13)
**11.25 Til Death** (15:18)
**11.50 Grey's Anatomy** (2:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Mike & Molly** (11:24)
**13.25 Ghost Whisperer** (22:22)
**14.15 The Glee Project** (2:11)
**15.05 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (1:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Simpsons** (12:22)
**19.40 Arrested Development** (20:22)
**20.05 Stóra þjóðin** (3:4)
**20.35 New Girl** (18:24)
**20.55 2 Broke Girls** (6:24)
**21.20 Drop Dead Diva** (2:13) Gamanþættir um unga og huggulega fyrirsætu sem lætur lífið í bílslysi en sál hennar tekur sér bólfestu í annarri konu, bráðsnjöllum lögfræðingi, Jane Bingum að nafni. Hún þarf að takast á við lífið í nýjum aðstæðum, og á í upphafi ekki síst erfitt með að sætta sig við aukakílóin sem hún þarf að burðast með í hinu nýja lífi.
**22.05 Gossip Girl** (18:24)
**22.50 The No. 1 Ladies' Detective Agency** (2:7).
**23.45 The Closer** (5:21)
**00.30 NCIS. Los Angeles** (23:24)
**01.15 Rescue Me** (16:22)
**02.00 The Good Guys** (7:20)
**02.45 Fringe** (11:22) (12:22)
**04.15 Chase** (9:18)
**05.00 2 Broke Girls** (6:24)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 NBA 2011/2012 - Finals Games**
**17.45 Egils Gull-mótið** Samantekt frá öðru mótinu í Eimskipsmótaröðinni í golfi. Mótið var haldið í Vestmannaeyjum dagana 9.-10. júní.
**18.15 Noregur U21 - Ísland U21**
**20.00 NBA 2011/2012 - Finals Games**
**21.50 Sterkasti maður Íslands** Allir helstu kraftajötnar landsins mæta til leiks og taka á öllu sem þeir eiga.
**22.20 Meistaradeild Evrópu: Man. Utd. - Basel**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Newcastle - Chelsea**
**19.45 Bestu ensku leikirnir**
**20.15 Norwich - Man. City**
**22.00 Sunderland - Stoke**
**23.45 PL Classic Matches: Everton - Manchester United, 1995**

## EXTRA

**18.45 The Doctors** (134:175)
**19.25 American Dad** (6:18)
**19.50 The Cleveland Show** (4:21)
**20.15 Masterchef USA** (3:20)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Two and a Half Men** (16:24)
**22.10 The Big Bang Theory** (7:24)
**22.35 How I Met Your Mother** (10:24)
**23.00 White Collar** (15:16)
**23.45 Girls** (2:10)
**00.20 Eastbound and Down** (2:7)
**00.50 The Daily Show: Global Edition** (19:41)
**01.15 American Dad** (6:18)
**01.40 The Cleveland Show** (4:21)
**02.05 The Doctors** (135:175)
**02.45 Fréttir Stöðvar 2**
**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.15 Real Housewives of Orange County** (6:17) (e)
**17.00 Solsidan** (8:10) (e)
**17.25 Dr. Phil**
**18.05 Mobbed** (5:11) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (37:48) (e)
**19.20 According to Jim** (16:18) (e)
**19.45 Will & Grace** (1:27) (e)
**20.10 Britain's Next Top Model** (14:14) Það er komið að sjöttu seríunni af Britain's Next Top Model. Nú mætir glæný dómnefnd til leiks með ofurfyrirsætuna Elle McPherson í fararbroddi. Fjórtán stúlkur taka þátt að þessu sinni og er von á afar spennandi þáttaröð þar sem ferðinni er meðal annars heitið til Noregs, Spánar og Malasíu. Það er komið að lokaþættinum þar sem skorið verður úr um hver hreppir hnossið og er kosin fyrirsæta Bretlands af áhorfendum.
**21.00 The Firm** (16:22)
**21.50 Law & Order: Criminal Intent** (2:16)
**22.35 Jimmy Kimmel**
**23.20 Hawaii Five-0** (19:23) (e)
**00.10 Royal Pains** (6:18) (e)
**00.55 The Firm** (16:22) (e)
**01.45 Lost Girl** (6:13) (e)
**02.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.00** Fedex. St. Jude Classic - PGA Tour 2012 (4:4) **10.55** Golfing World **11.45** Golfing World **12.35** US Open 2011 (2:4) **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (23:45) **19.20** LPGA Highlights (11:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (10:25) **21.35** Inside the PGA Tour (24:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (22:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## BBC entertainment

**06.35** Keeping Up Appearances **07.35** My Family **08.05** The Inspector Lynley Mysteries **09.40** Deal or No Deal **10.15** EastEnders **10.45** Come Dine With Me **11.35** QI **12.35** Keeping Up Appearances **13.40** My Family **14.40** Top Gear **15.30** QI **16.30** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** The Graham Norton Show **20.00** QI **20.30** Shooting Stars **21.00** Peep Show **21.25** Live at the Apollo **22.10** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret **22.35** The Thick of It **23.04** Top Gear

## DR 1

**11.00** I lære som stjerne **11.30** Den store dag **12.30** So F***ing Special **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamies australske kokkeskole **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Hvem lagde lorten? **14.25** Skæg med bogstaver **14.45** Sprutte-Patruljen **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Det søde liv - jul **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** EURO 2012 **18.35** Fodbold. Euro 2012 **19.30** TV Avisen **19.40** Fodbold. Euro 2012 **20.30** EURO 2012 **20.45** Kidnappet

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Fotball - EM 2012 **16.00** Fotball. Euro 2012 **18.00** Dagsrevyen **18.30** Glimt av Norge **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Lov og orden. London **20.30** Lovesikh **21.00** Kveldsnytt **21.20** Kalde føtter **22.10** Borgen **23.10** Fotball. Euro 2012 **01.10** Lov og orden. London **05.00** Morgennytt

## svt1

**07.30** Extra Rapport **14.00** Rapport **14.05** Trängsel i skyn **14.55** Från Lark Rise till Candleford **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundra procent bonde **16.45** Biltokig **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige idag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Fotboll. Euro 2012 **21.00** EM-magasinet **21.30** Rapport **21.35** Kulturnyheterna **21.45** Fängelset **22.15** Every Little Step **23.45** Rapport **23.50** Östen med resten **00.50** Rapport **00.55** Hästkrafter **01.05** Nordkalotten 365

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur, tækni og vísindi **21.00** Forsetaframbjóðendur 1. þáttur **21.30** Veiðisumarið

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |

Þráir þú dýpri svefn? Heilsurúm í sérflokki Tilboðsdagar í júní!
TEMPUR DÝNUR OG KODDAR
Tempur® Cloud
heilsurúm 180 x 200 cm
TILBOÐ 375.840,-
Verð áður 469.800,-


Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is

# Engjaþykkni

# - því þú átt gott skilið

... milli mála

... í kaffitímanum




... í eftirrétt

... öllum stundum!







HVÍTA HÚSIÐ/SIA

## GOTT Á GRILLIÐ



*Ég er rosa mikill kjöt- og kartöflumaður og vil helst ekki hafa neina sósu heldur krydda kjötið með salti og pipar og hef með kartöfluna framreidda á ítalskan hátt. Þannig finnur þú miklu betur fyrir bragðinu af kjötinu. Það er svona alvöru grill að mínu mati.*

Aron Bergmann Magnússon, myndlistarmaður og leikmyndahönnuður.

# Helgi tekur upp fjórðu hestaplötuna

„Það var svo mikil pressa á mér úr öllum áttum,“ segir tónlistarmaðurinn Helgi Björnsson.

Upptökur eru hafnar á fjórðu hestamannaplötu hans en hinar þrjár hafa notið gífurlegra vinsælda og samanlagt selst í um 32 þúsund eintökum. Sú síðasta, Ég vil fara upp í sveit, seldist í um átta þúsund eintökum í fyrra.

„Þetta lá svolítið beint við. Ég ætlaði kannski að fara í sólóplötu en þurfti að fresta henni,“ segir Helgi, spurður út í plötuna. „Landsmót hestamanna verður í Reykjavík í sumar og mikið húllumhæ. Ég fékk hvatningu úr mörgum áttum um að smella einni Reiðmannaplötu í viðbót og ég varð við þeim óskum.“

Meðal laga á plötunni verða Íslenskur kindreki, sem er ný útgáfa af lagi Spilverks þjóðanna, Icelandic Cowboy. Það var höfundurinn Valgeir Guðjónsson sem samdi íslenska textann. Einnig verða þar Sunnanvindur, sem er íslensk útgáfa af Mr. Sandman, Heim í Heiðardalinn, Jörðin sem ég ann, Kvöldljóð sem Savanna tríóið söng og hið sígilda Sveitaball í hressilegri útgáfu.

Aðspurður vonast Helgi eftir góðum viðbrögðum við plötunni eins og þeim fyrri. „Það er búið að vera ótrúlegt gengi á þessum plötum, fólk virðist ekkert fá nóg. Maður fær líka alls konar tillögur frá hinum og þessum hvort ég væri til í að taka þetta lag eða hitt. Manni þykir mjög vænt um þetta.“

- fb



**SÚ FJÓRÐA Á LEIÐINNI** Helgi Björnsson er að taka upp fjórðu hestamannaplötu sína með Reiðmönnum vindanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**NÝTT LAG** Sálin hefur sent frá sér lagið Hjartadrottningar.

# Sálin með óð til 17 kvenna

Sálin hefur sent frá sér lagið Hjartadrottningar. Það er eftir gítarleikarann Guðmund Jónsson en söngvarinn Stefán Hilmarsson á textann, sem er óður til kvenna í dægurlögum. Þar er getið sautján kvenna sem eru kunnar úr íslenskum söngtextum fyrr og síðar. Lagið er það fyrsta af þremur sem koma út á næstunni með Sálinni.

Tvö ár eru liðin síðan síðasta plata sveitarinnar, Upp og niður stigann, kom út í samvinnu við Stórsveit Reykjavíkur. Á laugardaginn spilar Sálin á Spot í Kópavogi þar sem nýja lagið verður frumflutt. 23. júní spilar sveitin svo í Borgarnesi.

## ÞRÁINN ÁRNI BALDVINSSON: ÞETTA VERÐUR FLOTTASTI KLÚBBURINN Á LANDINU

# HÁTT Í TVÖ HUNDRUÐ MANNS Í NÝSTOFNUÐUM KISS-KLÚBBI

„Skírteinið er á leiðinni, það er verið að framleiða það,“ segir Þráinn Árni Baldvinsson, gítarleikari í Skálmöld, og einn þriggja stjórnarmanna í nýstofnuðum aðdáendaklúbbi Kiss á Íslandi.

Klúbburinn heitir Kiss Army Iceland en fjölmargir Kiss Army-klúbbar eru starfræktir víða um heim, þar á meðal í Svíþjóð, Ástralíu og Þýskalandi. Hinn upphaflegi Kiss-her var stofnaður í Bandaríkjunum árið 1975 af mönnum sem ákváðu að elta rokksveitina Kiss um Bandaríkin, rétt áður en hún sló í gegn. Síðan þá hefur klúbbnum heldur betur vaxið fiskur um hrygg. Aðspurður segir Þráinn Árni að stofnun íslenska klúbbsins hafi verið í bígerð í mörg ár. „Svo með aðstoð Facebook stofnuðum við félagarnir Kiss Army Iceland-grúppu. Þetta byrjaði allt að blómstra í vetur og það eru komnir hátt í tvö hundruð meðlimir. Þetta gerðist á „no time“,“ segir hann. „Fólk er að átta sig á því hvað þetta er stórkostlegt. Margir hafa verið heima hjá sér sem skápaaðdáendur en eru komnir út núna.“

Með honum í stjórninni eru Kittý Svarfdal og Heiðar Jónsson. Ársgjald í klúbbinn er tvö þúsund krónur. Handhafar skírteinis fá afslátt á ýmsum stöðum, þar á meðal í Smekkleysu og Lucky Records, á rokkbúllunni Dillon og veitingastaðnum 73. Einnig er verið að framleiða sérstaka Kiss Army Iceland-boli fyrir meðlimi klúbbsins. Hópurinn mun svo hittast reglulega til að bera saman bækur sínar og verður fyrsti fundurinn á Gamla Gauk. „Þetta verður flottasti og virkasti aðdáendaklúbbur á landinu,“ fullyrðir Þráinn. Sjálfur hefur hann verið í bandaríska Kiss Army-klúbbnum í mörg ár en þeir sem eru í honum geta keypt miða á Kiss-tónleika á undan öðrum. Hann er einmitt að fara ásamt Heiðari og nokkrum öðrum Íslendingum að sjá goðin á tónleikum í Ósló 30. júní, sem verða þeir einu hjá þeim í Evrópu á þessu ári. „Þeir í Kiss Army í Noregi eru búnir að skipuleggja grill og hitting. Það eru aðdáendur frá níu eða tíu löndum búnir að skrá sig og við verðum þarna sem fulltrúar Íslands. Þetta verður dásamlegt, bara nördar að hittast og tala um uppáhaldið.“

freyr@frettabladid.is



**KISS-STJÓRNARMENN** Þráinn Árni Baldvinsson, Kittý Svarfdal og Heiðar Jónsson eru stjórnarmenn í Kiss Army Iceland. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### STAÐREYNDIR UM HLJÓMSVEITINA KISS

Bandaríska rokksveitin Kiss var stofnuð í New York árið 1973. Meðlimir hennar eru þekktir fyrir andlitsmálningu sína og skrautlegan klæðaburðinn, auk þess sem tónleikar sveitarinnar eru mikið sjónarspil. Tuttugasta hljóðversplata Kiss, Monster, kemur út í haust en alls hefur sveitin selt um 100 milljónir platna. Á meðal vinsælustu laga rokkaranna eru **Rock and Roll All Nite**, I **Was Made For Loving You**, **Lick It Up** og **Crazy Crazy Nights**.













# Leikur í þögulli mynd Hjaltalíns

„Ég leik ömmu sem er frekar stíf,“ segir Margrét Helga Jóhannsdóttir sem er meðal leikenda í þöglu kvikmyndinni Days of Grey sem hljómsveitin Hjaltalín semur tónlist við.

Leikstjóri myndarinnar Ani Simmon-Kennedy, sem var í tökuliðinu á mynd Woody Allen Midnight in Paris, kom hingað til lands í maí og ræddi við leikara ásamt Rebekku B. Björnsdóttur, meðframleiðanda myndarinnar og fagottleikara Hjaltalíns. Búið er að ráða í hlutverk og leika Guðmundur Ingi Þorvaldsson og Bryndís Petra Bragadóttir í myndinni ásamt Margréti Helgu. Þrír ungir og upprennandi leikarar urðu einnig fyrir valinu og eru það þau Davíð Laufdal Arnarsson, Diljá Valsdóttir og Viktoría Rós Antonsdóttir.

Þessir krakkar munu eflaust spila stóran þátt í myndinni en handritið, sem samið er af Hrafni Jónssyni, segir frá litlum dreng sem lifir í litlausri veröld og kynnum hans af stúlku frá öðrum heimi.

„Ég vissi ekkert um þetta fyrr en Rebekka hringdi í mig til Tenerife. Ég kynntist henni við tökur á þáttunum Heimsenda og lít upp til hennar. Ég ákvað því að slá til á stundinni. Þessir krakkar eru að gera svo spennandi hluti.

Það er virkilega þess virði að vinna með þeim,“ segir Margrét sem bætir við að hún sé glöð yfir því að þessi alþjóðlega mynd sé án tals. „Ég sagði strax að ég væri ekki mjög sterk í ensku og þyrfti góðan þjálfara ef þetta væri erlend mynd.“

Tökur myndarinnar fara fram á Reykjanesi dagana 1. til 14. ágúst og mun Hjaltalín semja tónlist myndarinnar í sama mánuði.

-hþt



**STÍF AMMA** Margrét Helga er meðal leikara í alþjóðlegu þöglu kvikmyndinni Days of Grey sem Hjaltalín semur tónlist við. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sony Center

www.sonycenter.is

**5 ÁRA ÁBYRGÐ Á SONY SJÓNVÖRPUM**

## Sony
## Evrópumeistarar!

EISA Award Best Product 2011-2012 LCD TV Sony BRAVIA KDL-55HX920




Tilboð
**199.990.-**
Sparaðu 100.000.-

Álstandur með innbyggðu hljóðkerfi fylgir

### Hágæða sjónvarp
40" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL40NX723

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 199.990.-** Verð áður 299.990.-

**FRAMÚRSKARANDI 3D AFSPILUN**




### Glæsileg hönnun
40" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL40EX721

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 179.990.-** Verð áður 199.990.-




Tilboð
**199.990.-**
Sparaðu 90.000.-

### Frábær myndgæði
40" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL40HX723

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 199.990.-** Verð áður 289.990.-




### Gott verð
46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL46EX721

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 215.990.-** Verð áður 269.990.-

Tilboð
**289.990.-**
Sparaðu 90.000.-




### Gæði og skerpa
46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL46HX723

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 289.990.-** Verð áður 379.990.-

Álstandur með innbyggðu hljóðkerfi fylgir




### Eitt með öllu
46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL46NX723

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 279.990.-** Verð áður 399.990.-

Álstandur með innbyggðu hljóðkerfi fylgir



### Mynd í sérflokki
46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL46HX823

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 349.990.-** Verð áður 449.990.-

Álstandur með innbyggðu hljóðkerfi fylgir



EISA Best Product

### Sigurvegarinn!
46" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL46HX923

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Intelligent peak LED baklýsing

**Tilboð 539.990.-** Verð áður 599.990.-




Tilboð
**329.990.-**
Sparaðu 140.000.-

### 55" RISI!
55" 3D LED INTERNET SJÓNVARP
KDL55EX720

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing

**Tilboð 329.990.-** Verð áður 469.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

Sony Center
Verslun Nýherja Kaupangi **Akureyri**
569 7645

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Keypti tólf pör af skóm

Enski tónlistarmaðurinn **Elvis Costello** hélt vel heppnaða tónleika í Hörpunni á sunnudagskvöld. Í áhorfendahópnum var eiginkona hans, söngkonan **Diana Krall**. Þau höfðu ekki sést í sex vikur, enda bæði mjög upptekin við tónlistarflutning víða um heim. Daginn eftir tónleikana gengu Costello og Krall niður Laugaveginn í mestu makindum og skoðuðu íslenska hönnun. **Einar Bárðarson**, sem flutti Costello til landsins, sagði þau hafa staldrað lengi við í skóbúðinni Kronkron. Krall mun hafa heillast svo mikið af hönnuninni að hún keypti hvorki meira né minna en tólf skópör. Costello beið þolinmóður á meðan enda líklega vanur ýmsu þegar konur og skór eru annars vegar.



### Forsetinn til Önnu og Villa

Lögfræðingurinn **Vilhjálmur Vilhjálmsson** og kona hans, Anna Lilja Johansen, hafa boðað til sumarfagnaðar á heimili sínu í Garðabæ um næstu helgi. Parið er ekki þekkt fyrir að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur og verður þessi samkunda engin undantekning. Sérstakir gestir í Sumargleði Vilhjálms og Önnu Lilju verða nefnilega forsetahjónin góðkunnu **Ólafur Ragnar Grímsson** og Dorrit Moussaieff. Ekki liggur fyrir hvort heimsóknin sé liður í kosningabaráttu hjónanna eða einungis kurteisisheimsókn til að fagna sumrinu. **- fb, sv**



## Mest lesið vísir

1. Finnsk stúlka hafnaði þrælahaldi á íslenskum …
2. Maija segir engan misskilning í samskiptunum við bóndann
3. Samskiptaleysi olli því að finnska stúlkan flúði vinnuna
4. Myndir af forseta teknar niður
5. Misskilningur olli leyfisleysi auglýsinga





